



Lokaritgerð til BA-gráðu í stjórnmálafræði

Góður karl með byssu

Áhrif NRA á skotvopnalöggjöf í Bandaríkjunum

Pétur Illugi Einarsson

Febrúar 2020



HÁSKÓLI ÍSLANDS
STJÓRNMÁLAFRÆÐIDEILD

Góður karl með byssu
Áhrif NRA á skotvopnalöggjöf í Bandaríkjunum

Pétur Illugi Einarsson

Lokaritgerð til BA-gráðu í stjórn málafræði
Leiðbeinandi: Silja Bára Ómarsdóttir

Stjórn málafræðideild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Febrúar 2020

Góður karl með byssu: Áhrif NRA á skotvopnalöggjöf í
Bandaríkjunum

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði.
Óheimilt er að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Pétur Illugi Einarsson, 2020
kt. 1802932219

Reykjavík, Ísland, 2020

Útdráttur

Síðastliðna áratugi hefur skapast mikil umræða um skotvopnaeign Bandaríkjamanna. Oftast sprettur þessi umræða upp í kringum þær fjölmörgu fjöldaskotárásir sem verða þar í landi. Tilgangur þessarar ritgerðar er að varpa ljósi á það hvernig Landssamband byssu-eigenda í Bandaríkjunum (NRA) hefur haft áhrif á skotvopnalöggjöf í landinu. Til hliðsjónar því verður horft á það hvernig samtökin hafa nýtt sér bæði trú og sjálfsmynd Bandaríkjamanna og tengt þetta tvennt við skotvopnaeign. Markmið ritgerðarinnar er að skoða hvort aðferðir og aðgerðir NRA í sambandi við það að tengja trú og sjálfsmynd við skotvopnaeign hafi verið árangursríkar og einnig hvort þetta hafi síðan leitt til aukins réttar til þess að eiga og bera skotvopn í Bandaríkjunum

Í ritgerðinni mun ég fara yfir upphaf NRA og hvernig samtökin urðu að því sem þau eru í dag. Einnig verður lauslega farið yfir hugmyndafræði og áhrif NRA í bandarísku samfélagi. Ég mun skoða hvernig NRA samtökin hafa vísvitandi höfðað til þeirra sem aðhyllast evangelíska mótmælendatrú og hvaða áhrif þessi trúarhópur hefur haft á landslag skotvopnalöggjafar í Bandaríkjunum. Síðan mun ég varpa ljósi á það hvaða áhrif það hefur haft á skotvopnalöggjöf að stór hópur Bandaríkjamanna tengir sjálfsmynd sína sterkt við skotvopnaeign og hvernig NRA samtökin hafa nýtt sér þessi sterku tengsl. Eftir þetta mun ég síðan skoða hvernig aðgerðir og barátta NRA samtakanna hafa haft áhrif á túlkun annars ákvæðis stjórnarskrár Bandaríkjanna og hvernig það hefur síðan gert það að verkum að réttindin til þess að eiga og bera skotvopn hafa aukist.

Niðurstöður ritgerðarinnar eru þær að NRA samtökin hafa verið mjög árangursrík í því að tengja skotvopn við bæði trú og sjálfsmynd Bandaríkjamanna. Það er meðal annars hægt að sjá með því að skoða ákall NRA til meðlima sína um að hafa samband við stjórnsmálamenn og hvetja þá til að breyta afstöðu sinni þannig að betur henti NRA samtökunum. Í hvert sinn sem NRA hefur sent frá sér slíkt ákall hafa viðbrögðin verið gríðarleg. Barátta samtakanna fyrir hinni svokölluðu einstaklingstúlkun á öðru ákvæði stjórnarskrár landsins hefur einnig verið svo vel heppnuð að Hæstiréttur hefur staðfest einstaklingstúlkunina. Þetta leiddi til þess að NRA samtökin gátu betur beitt sér gegn bönum sem takmörkuðu skotvopnaeign um öll Bandaríkin.

Formáli

Ritgerð þessi er lokaverkefni mitt til BA-prófs í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands. Ritgerðin er metin til 12 eininga (ECTS) af 180 eininga námi. Hún var skrifuð haustið 2019 vegna brautskráningar í febrúar 2020. Leiðbeinandi minn í þessari ritgerð var Silja Bára Ómarsdóttir og vil ég þakka henni kærlega fyrir góða leiðsögn, uppbyggilega gagnrýni og gott samstarf yfir höfuð við skrif ritgerðarinnar. Einnig vil ég þakka foreldrum mínum, Bjargeyju Gígju Gísladóttur og Einari Herði Sigurðssyni sem og systur minni, Nönnu Eir Einarsdóttur, fyrir stuðningm bæði við skrif þessarar ritgerðar og í öllu náminu. Móður minni vil ég svo þakka sérstaklega fyrir aðstoð við yfirlestur bæði þessarar ritgerðar og flestra annarra sem ég hef skrifað í námi mínu við Háskóla Íslands. Að lokum vill ég þakka þeim frábæra hóp samnemenda sem ég hef kynnst í gegnum námið og veitt hafa ómældan stuðning og gert námið að skemmtilegu ferðalagi.

Efnisyfirlit

Útdráttur	3
Formáli	4
Myndaskrá	6
1 Inngangur	7
2 Fræðilegur bakgrunnur	8
2.1 Íhaldsstefna	8
2.2 Trú og skotvopn.....	10
2.3 Sjálfsmynd og skotvopn.....	13
2.4 Annað ákvæði stjórnarskrár Bandaríkjanna.....	16
2.5 Samantekt.....	17
3 Áhrif NRA á skotvopnalöggjöf	18
3.1 NRA.....	18
3.1.1 Upphaf og áhrif NRA	18
3.1.2 Hugmyndafræði NRA.....	19
3.1.3 Aukin áhersla á trú og siðferði	20
3.1.4 Skotvopnaeign og sjálfsmynd, aðgerðir og aðferðir NRA	21
3.1.5 Samantekt.....	27
3.2 Annað ákvæði stjórnarskrár	28
3.2.1 Uppruni og vafaatriði í túlkun.....	28
3.2.2 Barátta fyrir einstaklingsrétti.....	29
3.2.3 Samantekt.....	30
3.3 Dickey-ákvæðið.....	30
4 Umræður	33
5 Lokaorð	37
Heimildaskrá	38

Myndaskrá

Mynd 1. Fjöldi tilvísana í guð í <i>American Rifleman</i> tímaritinu frá 1975-2018.....	23
Mynd 2. Notkun frasanna „god-given right“, „bear arms“ og „selfe-defense“ í <i>American Rifleman</i> tímaritinu frá 1975-2018.....	23

1 Inngangur

Í þessari ritgerð verður fjallað um það hvaða áhrif NRA samtökin hafa haft á skotvopnalöggjöf í Bandaríkjunum. Þetta verður skoðað með því að hafa til hliðsjónar hvernig samtökin hafa notfært sér trú og sjálfsmynd Bandaríkjamanna í baráttu sinni gegn hertari skotvopnalöggjöf. Síðastliðna áratugi hefur skapast mikil umræða um skotvopnaeign Bandaríkjamanna. Oftast sprettur þessi umræða upp í kringum þær fjölmörgu fjöldaskotárásir sem verða þar í landi. Málefnið er ekki einungis áberandi innan Bandaríkjanna sjálfra, heldur virðist það vekja mikla athygli út um allan heim. Fólk hneykslast gjarnan á því að lítið sem ekkert hefur verið gert í þeim málum að herða skotvopnalög og eftirlit í Bandaríkjunum. Auðvelt er að horfa á vandaamálið utan frá og gagnrýna Bandaríkin fyrir það að gera ekkert í málinu og jafnvel halda því fram að almenningur í landinu elski skotvopnin sín svo mikið að þeir taki þau fram yfir líf saklausra borgara.

En nauðsynlegt er að skoða hvernig það varð að veruleika að milljónir Bandaríkjamanna tengja sjálfsmynd sína við byssueign og hvaða kraftar hafa verið þar að verki. Ég mun því skoða hvaða aðferðum NRA samtökin hafa beitt og hvernig aðgerðum þeirra hefur verið háttað. Síðan mun ég einnig skoða hversu áhrifarík samtökin hafa verið í baráttu sinni. Ég mun síðan líka skoða hvaða áhrif NRA samtökin hafa haft á túlkun annars ákvæðis stjórnarskrár Bandaríkjanna. Til hliðsjónar mun ég nota kenningar um íhaldsstefnu og sjálfsmyndarstjórnun til að útskýra áhrif NRA samtakanna á hinn almenna skotvopnaeiganda í Bandaríkjunum.

2 Fræðilegur bakgrunnur

Í þessum kafla mun ég skoða hvernig íhaldsstefna hefur þróast í gegnum árin. Ég mun aðallega velta fyrir mér hvernig stefnan horfir við afturhaldi og trú í Bandaríkjunum. Ég mun síðan skoða hvernig stefna hins Nýja hægri hefur orðið til og hvaða áhrif það hefur haft í Bandaríkjunum. Seinna í ritgerðinni verður svo skoðað hvernig NRA samtökin hafa nýtt sér íhaldsstefnu og áhrif hennar í málflutningi sínum.

2.1 Íhaldsstefna

Í hversdagslegu tali getur íhaldssemi haft margs konar mismunandi merkingu. Hún getur átt við „venjulegan“ og „einfaldan“ lífsstíl, varkára hegðun eða hræðslu og afneitun á breytingum. Hugtakið *íhaldsstefna* var fyrst notað í þeim tilgangi að lýsa pólitískri stefnu eða hugmyndafræði snemma á nítjándu öld. Í Bandaríkjunum var hugtakið notað til þess að lýsa þeim sem höfðu neikvæðar hugmyndir á opinberum málefnum.¹

Sem pólitískri hugmyndafræði er hægt að lýsa íhaldsstefnu sem viljanum til þess að halda í eitthvað. Það endurspeglast síðan í mótspyrnu gegn breytingum, eða að minnsta kosti ákveðinni tortryggni á breytingar. En samt sem áður, á meðan mikil áhersla er á mótspyrnu við breytingar þá liggur sérstaða íhaldsstefnu aðallega í því hvernig henni hún er sett fram. Það er með stuðningi við hefðir, trú á það að maðurinn sé ófullkominn og að halda í hefðbundina uppbyggingu samfélagsins. Í stuttu máli þá er hægt að skipta íhaldsstefnu í tvennt, hefðbundna íhaldsstefnu og hið svokallaða nýja hægri (New Right). Hefðbundin íhaldsstefna ver rötgrónar stofnanir og gildi samfélagsins á þeim forsendum að stofnanirnar og gildin verji viðkvæmt samfélagið og gefi einstaklingum, sem séu í raun bara að leita sér að öryggi, tilfinningu fyrir stöðugleika. Nýja hægrið hins vegar einkennist meira af trú á sterkt ríki sem samt sem áður skipti sér lítið af málefnum einstaklinga.²

Eins og segir hér að framan þá er eitt af meginþemum í íhaldsstefnu sú trú að halda eigi í hefðir og gildi samfélagsins. Í tilfellum margra íhaldssinna endurspeglast þessi trú á hefðir og gildi í þeirra eigin kristnu trúarsannfæringu. Þeir halda því fram að ef heimurinn hafi verið skapaður af guði þá séu hefðbundin gildi samfélagsins komin frá guði. Samkvæmt þessari hugmyndafræði eru lög samfélagsins sem sagt einnig lög guðs. Þannig að ef einstaklingar reyna að breyta lögum, hefðum eða gildum samfélagsins þá eru þeir í raun að ögra/storka vilja guðs. Öll breyting er því af hinu illa og leiðir líklega til verra samfélags en þess sem mótað var í mynd

¹ Andrew Heywood, *Political Ideologies: an Introduction* (London: Palgrave, 2017)

² Andrew Heywood, *Political Ideologies: an Introduction* (London: Palgrave, 2017)

almættisins. Síðan á 18. öld hefur hins vegar verið frekar erfitt að réttlæta þá skoðun að hefðbundin gildi samfélags endurspegli á einhvern hátt vilja guðs. Á seinustu 300 árum hafa samfélög breyst hratt, nýjar hefðir hafa tekið við af þeim hefðbundnu og gömlu. Frjálsar kosningar eru til dæmis augljóst dæmi um manngerðar breytingar á samfélagi frekar en frá guði komnar. En samt sem áður halda bókstafstrúarmenn nútímans þessum fullyrðingum á guðs gefnum rétti enn á lofti, þá sérstaklega þeir sem halda því fram að trúartextar lýsi bókstaflegum vilja guðs.³

Stjórnkerfi Bandaríkjanna hefur í gegnum tíðina verið nokkuð frjálslýnt og endurspeglað framsækin gildi. Stjórnámálamenn bæði Demókrata og Repúblíkana vildu oft á tíðum ekki vera kallaðir íhaldssamir. Þetta breyttist þó að miklu leyti á sjöunda áratugi seinustu aldar þar sem íhaldssöm sjónarmið fóru að vera meira áberandi í bandarískum stjórnámálum aðallega hjá demókrötum í Suðurríkjunum og þeim væng repúblíkanaflokksins sem var tengdur Barry Goldwater og studdi síðan forsetaframboð bæði Ronald Reagan og George W. Bush.

Þrátt fyrir að stefnan sé nokkuð hógvær þegar litið er til fræðanna og fræðilegra gilda þá hefur hún samt sem áður verið langlíf og staðið af sér margt, að öllum líkindum einmitt vegna þess að hún reiðir sig ekki eingöngu á fræðin. Stefnan hefur að miklu leyti lifað af vegna þess að hún er ekki bundin niður við einhverja ákveðna og þá hugsanlega takmarkandi hugmyndafræði. Þrátt fyrir þessa tregðu til að binda sig við ákveðna hugmyndafræði hefur íhaldsstefna tekið ákveðnum stakkaskiptum síðan á áttunda áratug seinustu aldar, þessi stakkaskipti hafa orðið til vegna vaxandi áhyggna íhaldsmanna á velferðarríkinu og efnahagslegri stefnu. Þessar áhyggjur íhaldsmanna voru sérstaklega áberandi í ríkisstjórn Margaret Thatcher á árunum 1979–90 í Bretlandi og ríkisstjórn Ronald Reagan á árunum 1981–89 í Bandaríkjunum. Báðar þessar ríkisstjórnir aðhylltust nokkuð róttæka útgáfu af íhaldsstefnu, sem var minnst á hér að framan, eða Nýja hægrið. Hugmyndir Nýja hægriðsins einblína að miklu leyti á frjálsan markað og hafa komið af stað ákveðnum ágreiningi innan íhaldsstefnuskólans, annars vegar hjá þeim hluta stefnunnar sem leggur áherslu á hinn frjálsa markað og hins vegar hlutann sem leggur áherslu á vald og inngríp stjórnvalda inn í málefni bæði ríkis og almennings. Sumir hafa haldið því fram að „Thatcherismi“ og „Reaganismi“ eigi í raun ekki heima undir íhaldsstefnu því stefnurnar dragi of mikið af hugmyndum sínum frá klassískum frjálslýndum hugmyndum. En aðrir hafa síðan réttilega bent á það að þrátt fyrir frjálslýndar markaðshugmyndir stefnanna þá hefur Nýja hægrið ekki yfirgefið hugmyndir eins og virðingu fyrir hefðbundnum gildum, valdi,

³ Andrew Heywood, *Political Ideologies: an Introduction* (London: Palgrave, 2017)

aga og trú og jafnvel í einhverjum tilfellum hefur Nýja hægrið styrkt þessar hugmyndir enn frekar.⁴

Í þessum kafla hef ég skoðað meginatriði íhaldsstefnu, með áherslu á sjónarmið stefnunnar á trú og siðferði, og hvernig hún hefur þróast í hið Nýja hægri. Ég sýndi síðan hvernig pólitískt landslag Bandaríkjanna hefur færst frá frjálslyndi yfir í meiri íhaldsstefnu síðan á sjöunda áratug síðustu aldar.

2.2 Trú og skotvopn

Rökrétt framhald af umræðunni um íhaldsstefnu og í samhengi við þessa rannsókn er síðan hægt að skoða hvernig trúin, sem er oft svo stór partur af stefnunni, tengist skotvopnaeign í Bandaríkjunum. Hér mun ég skoða tölfræði skotvopnaeigenda í Bandaríkjunum með áherslu á trú þeirra. Ég mun ræða um það hvernig ákveðnir trúarhópar sjá stofnun Bandaríkjanna í sambandi við trúna og hvernig það hefur haft áhrif á skoðun þessara trúarhópa á skjölum eins og til dæmis stjórnarskránni.

Allnokkrar rannsóknir hafa verið gerðar á seinustu árum sem skoða sambandið milli trúar og skotvopna. Í rannsókn frá árinu 2016 rannsakaði Robert Yamane hvernig trúarbrögð, trúarleg íhaldssemi og þátttaka í trúarlegu starfi tengjast skammbyssueign einstaklings. Yamane kemst að þeirri niðurstöðu að skotvopnaeign Bandaríkjamanna dreifist ekki handahófskennt yfir trúarlega, samfélagslega og landfræðilega stöðu fólks í landinu. Rannsóknin sýnir tölfræðilega marktækt að þeir sem aðhyllast mótmælendatrú í Bandaríkjunum eiga skammbyssu í 17,8% tilvika á meðan 14,7% Bandaríkjamanna í heild sinni eiga skammbyssu. Bandaríkjamenn sem aðhyllast evangelíska mótmælendatrú eru hins vegar líklegastir til þess að eiga skammbyssu, eða 20% þeirra. Þeir sem aðhyllast meginstraums mótmælendatrú eiga í 17% tilvika skammbyssu á meðan þeir sem aðhyllast enga sérstaka trú eiga skammbyssu í 14,9% tilvika.⁵

Samuel Stroope og Joshua Tom birtu rannsókn árið 2017 þar sem þeir komust að þeirri niðurstöðu að unglingar frá heimilum sem aðhylltust evangelíska mótmælendatrú væru líklegri en aðrir unglingar til þess að hafa greiðan aðgang að skotvopni á heimilinu. Einnig ræddu þeir mögulega ástæður fyrir því af hverju tengslin milli evangelískrar mótmælendatrúar og skotvopna virðast vera svona sterk í Bandaríkjunum. Ein af ástæðunum sem þeir setja fram er sú að mikil áhersla sem er sett á hefðbundnar hugmyndir um karlmennsku og kynjahlutverk innan

⁴ Andrew Heywood, *Political Ideologies: an Introduction* (London: Palgrave, 2017)

⁵ David Yamane, „Awash in a Sea of Faith and Firearms: Rediscovering the Connection Between Religion and Gun Ownership in America,” *Journal for the Scientific Study of Religion* 55, nr. 3 (2016): pp. 622-636, <https://doi.org/10.1111/jssr.12282>

evangelískrar mótmælendatrúar. Þetta gæti gert það að verkum að skotvopnaeign þessa trúarhóps sé meiri vegna þess að það er hlutverk karlmannsins að verja fjölskylduna. Einnig er einstaklingshyggja og það að sjá fyrir sjálfum sér mjög mikilvægt innan trúarhópsins. Þetta endurspeglast svo í viðhorfum hópsins til skotvopnalöggjafar, þar sem evangelískir mótmælendur aðhyllast frekar minni ríkisafskipti og vilja að ríkið sé sem minnst að ráða yfir lífi einstaklinga og fjölskyldna. Enn fremur túlka evangelískir mótmælendur sögu Bandaríkjanna á þann hátt að trúarleg og jafnvel guðdómleg áhrif hafi leikið stórt hlutverk í stofnun Bandaríkjanna og setningu stjórnarskrárinnar sjálfar. Þetta hefur leitt til þess, samkvæmt Stroope og Tom, að evangelískir mótmælendur horfa á annað ákvæði stjórnarskrárinnar sem skjal sent frá guði sem verji réttinn til þess að eiga og bera skotvopn. Þeir sjá skotvopnaeignina einnig sem mikilvægan þátt í því að verja trúfrelsi sitt. Einnig virðast evangelískir mótmælendur einfaldlega ekki treysta veraldlegum stofnunum og álitum þeirra á skotvopnalöggjöf og öryggi. Þetta leiðir til þess að trúarhópurinn hlustar ekki á tillögur sérfræðinga þegar kemur að skotvopnaöryggi.⁶

Samband hvítra evangelískra mótmælenda við skotvopn og skoðun þeirra á skotvopnalöggjöf er nokkuð sérstakt. Þeir sem til dæmis aðhyllast meginstraums mótmælendastefnu hafa mun nútímalegri, frekar en bókstaflega, sýn á trú sína og hafa frekar hófsamar skoðanir á samfélags- og siðferðisvandamálum. Meginstraums mótmælendur eru einnig mun líklegri til þess að styðja hertari skotvopnalöggjöf en evangelískir.^{7 8} Svartir mótmælendur eru síðan enn ólíklegri en hvítir til þess að eiga skotvopn og eru líklegri til þess að styðja hertari skotvopnalöggjöf. Stuðningur svartra mótmælenda við hertari löggjöf stafar að miklu leyti af reynslu samfélaga, þar sem meirihlutinn er af afrísk-amerískum uppruna, af ofbeldi tengt skotvopnum.⁹

Sumir fræðimenn hafa haldið því fram að evangelískir mótmælendur vilji að trúarleg gildi þeirra séu tekin til greina í opinberri stefnumótun.¹⁰ Aðrir fræðimenn hafa hins vegar haldið því

⁶ Samuel Stroope og Joshua C. Tom, „In-Home Firearm Access among US Adolescents and the Role of Religious Subculture: Results from a Nationally Representative Study,” July 2017, <https://doi.org/10.31235/osf.io/kns57>

⁷ Stephen Merino, “God and Guns: Examining Religious Influences on Gun Control Attitudes in the United States,” *Religions* 9, nr. 6 (2018): p. 189, <https://doi.org/10.3390/rel9060189>

⁸ Daniel Cox, Juhem Navarro-Rivera, and Robert P. Jones, “Americans Say Better Mental Health Screenings Best Way to Prevent Future Mass Shootings,” PRRI, accessed January 2, 2020, <https://www.prii.org/research/january-2013-tracking-poll/>

⁹ Kim Parker o.fl., “Guns in America: Attitudes and Experiences of Americans,” Pew Research Center’s Social & Demographic Trends Project, June 22, 2017, <https://www.pewsocialtrends.org/2017/06/22/americas-complex-relationship-with-guns/>

¹⁰ Kenneth D. Wald og Allison Calhoun-Brown, *Religion and Politics in the United States* (Lanham: Rowman & Littlefield, 2014)

fram að trúarhópurinn trúi því innst inni að í gegnum persónuleg sambönd með guð að leiðarljósi, geti samfélagið breyst til hins betra og breytingin sé ítarleg og varanleg.¹¹ Þetta sjónarhorn trúarhópsins á samfélagslegum breytingum endurspeglast í viðbrögðum þeirra við ofbeldi tengdu skotvopnum og fjöldaskotárásum í Bandaríkjunum. Þá kallar trúarhópurinn oft eftir menningarlegum breytingum sem einkennast af einstaklingsbundnum aðgerðum og aukinni áherslu á guð og kristni innan skóla og annarra opinberra stofnana.¹² Það virðist algengt að eftir áberandi fjöldaskotárásir þá snúist umræðan um það að ástæðan fyrir þessum árásum sé hnignandi siðferði samfélagsins og minnkandi áhersla á hefðbundin gildi. Algengt er að sjá myndum og jörnum (e. Meme) deilt á samfélagsmiðlum sem gefa það í skyn að ástæður skotárásanna sé sú að það sé bannað að tala um guð í skólum. Margir áberandi íhaldssamir stjórnámálmenn í Bandaríkjunum hafa endurtekið skoðanir sem þessar. Eftir árásina í Sandy Hook leikskólanum, sem verður rætt meira um hér síðar, spurði Mike Huckabee, fyrrverandi ríkisstjóri Arkansas og forsetaframbjóðandi í forkjöri repúblikana bæði árið 2008 og 2016, af hverju ofbeldi í skólum landsins kæmi fólki á óvart eftir að „guð hefur kerfisbundið verið fjarlægður úr þeim.“¹³ ¹⁴ Bryan Fischer, fyrrverandi stjórnarmaður American Family Association samtakanna, sem eru oft nokkuð áberandi í bandarískum stjórnámálum og setja sig meðal annars upp á móti réttindum hinsegin fólks og þungunarrofum,¹⁵ hefur tekið undir þetta og sagt að ástæða skotárásanna sé sú að skortur sé á trú, guði og fleiri skotvopnum í skólum landsins. Hann segir að sú ákvörðun að banna bænastundir í skólum hafi slæm áhrif. Einnig heldur hann því fram að leyfa ætti að bera leynd vopn í skólum landsins til að takast á við vandamálið.¹⁶ Á árlegri ráðstefnu NRA samtakanna árið 2018 sagði Greg Abbot ríkisstjóri Texas að svarið við ofbeldi tengdu skotvopnum í landinu væri að styrkja annað ákvæði stjórnarskrárinnar fyrir löghlýðna Bandaríkjamenn og að ná skotvopnum úr höndum glæpamanna og þeirra sem eru andlega óhæfir til þess að eiga skotvopn. Hann segir einnig að vandamál landsins sé í raun ekki byssur, heldur séu það hjörtu án guðs, heimili án aga og

¹¹ Christian Stephen. Smith og Michael Emerson, *American Evangelicalism: Embattled and Thriving* (Chicago: The University of Chicago Press, 1998)

¹² Stephen Merino, „God and Guns: Examining Religious Influences on Gun Control Attitudes in the United States,” *Religions* 9, nr. 6 (2018): p. 189, <https://doi.org/10.3390/rel9060189>

¹³ Dan Merica, „Huckabee: Lack of Religion in Classroom Leads to Violence in Schools,” CNN (Cable News Network, December 16, 2012), <http://religion.blogs.cnn.com/2012/12/16/huckabee-lack-of-religion-in-classroom-leads-to-violence-in-schools/>

¹⁴ Stephen Merino, „God and Guns: Examining Religious Influences on Gun Control Attitudes in the United States,” *Religions* 9, nr. 6 (2018): p. 189, <https://doi.org/10.3390/rel9060189>

¹⁵ *American Family Association*, Southern Poverty Law Center, accessed January 2, 2020, <https://www.splcenter.org/fighting-hate/extremist-files/group/american-family-association>

¹⁶ Stephen Merino, „God and Guns: Examining Religious Influences on Gun Control Attitudes in the United States,” *Religions* 9, nr. 6 (2018): p. 189, <https://doi.org/10.3390/rel9060189>

samfélög án gilda. Þessi rök og önnur svipuð gefa það í skyn að ófullkomnir einstaklingar og skortur á trú sé megin ástæða ofbeldis tengdu skotvopnum í landinu og að lauslegri skotvopnalöggjöf sé vörn gegn auknu ofbeldi.¹⁷

Áhugavert er síðan að bera saman þá sem aðhyllast kaþólska trú og evangelíska mótmælendur. Kaþólikkar sem eru á móti þungunarrofi og aðhyllast svokallaða *pro-life* stefnu, þ.e. eru á móti þungunarrofi, eru mun líklegri en evangelískir mótmælendur til þess að vera einnig fylgjandi hertari skotvopnalöggjöf. Kaþólska kirkjan í Bandaríkjunum hefur einnig opinberlega óskað eftir hertri löggjöf. Kirkjan hefur meðal annars kallað eftir bakgrunnsathugunum, hún vill láta banna ákveðin kraftmikil skotvopn og vill láta auka öryggisatriði í kringum skotvopn yfir höfuð. Hins vegar fær skotvopnalöggjöf mun minni hljómgrunn meðal hvíttra evangelískra kirkna líkt og Southern Baptist Convention.¹⁸

Í þessum kafla hef ég stiklað á stóru um tengingar skotvopnaeignar og trúar. Ég komst að því að tenging skotvopnaeignar við trú er kannski ekki jafn mikil og tenging skotvopnaeignar er eingöngu við evangelíska mótmælendatru. Sá trúarhópur virðist vera lang öflugastur í stuðningi sínum við aukna skotvopnaeign og baráttu gegn hertri skotvopnalöggjöf. Síðan tók ég dæmi um íhaldssama stjórnámamenn í Bandaríkjunum og skoðun þeirra á því hvort ástæður fjöldaskotárása í landinu sé skortur á umfjöllun um guð og trú í skólum landsins.

2.3 Sjálfsmynd og skotvopn

Í framhaldi af umræðu um skotvopnaeign og trú í Bandaríkjunum ætla ég síðan að skoða hvernig Bandaríkjamenn tengja sjálfsmynd sína við þá staðreynd að þeir séu skotvopnaeigendur. Ég mun ræða kenninguna um sjálfsmyndarstjórnámál og hvernig hún útskýrir tengsl ákveðins hóps Bandaríkjamanna við skotvopn og hvernig hagsmunahópar hafa nýtt sér þessi tengsl til að koma málefnum sínum á framfæri.

Samkvæmt kenningum um sjálfsmyndarstjórnámál þá getur sjálfsmynd einstaklinga innan hóps mótað meðlimi hópsins á þann hátt að það hafi mikil áhrif á stjórnámál. Í rannsókn Achen og Bartels frá árinu 2016 kom fram að sjálfsmynd einstaklinga væri stærsti drifkrafturinn að baki stjórnámálahegðunar fólks og hún skilgreindi í raun bandarísk stjórnámál að miklu leyti. Aðrar rannsóknir hafa sýnt að félagsleg sjálfsmynd mótar skoðun fólks á stefnumótun og

¹⁷ Stephen Merino, „God and Guns: Examining Religious Influences on Gun Control Attitudes in the United States,” *Religions* 9, nr. 6 (2018): p. 189, <https://doi.org/10.3390/rel9060189>

¹⁸ Cna, „Shootings Demonstrate Need for Gun Control, USCCB Says,” Catholic News Agency (Catholic News Agency, November 7, 2017), <https://www.catholicnewsagency.com/news/shootings-demonstrate-need-for-gun-control-usccb-says-56057>

pólítíska virkni þeirra á margvíslega vegu. Félagsleg sjálfsmynd fólks og hópa hefur til dæmis áhrif á hvernig það kýs, afstöðu til kynþátta og stjórnmalaflokka. Ein af upprunalegu rannsóknunum sem skoðuðu sjálfmyndarstjórnmal, eftir Tajfel og Turner, komst að því hvernig hagsmunahópar geta og hafa nýtt sér það hvernig sumir hópar tengja sjálfsmynd sína við ákveðna hluti. Hagsmunahópar reyna að bera kennsl á einhverja sjálfsmynd tiltekins hóps og sýna hana síðan í jákvæðu ljósi. Á sama tíma bera þeir kennsl á sjálfsmynd þeirra sem eru ósammála hagsmunahópnum og sýna hana þá í neikvæðu ljósi.¹⁹

Samkvæmt kenningunni um sjálfsmyndarstjórnmal þá flokka einstaklingar fólk saman í hópa og tengja síðan við sjálfsmynd hópsins sem heild til þess að geta betur tengt við flókna samfélagslega óvissu. Enn fremur leitast einstaklingar við að hafa jákvæða ímynd af sjálfum sér, sem hvetur þá til þess að einblína á jákvæða eiginleika hópsins sem þeir tilheyra. Jákvæðum eiginleikum hóps er síðan oft stillt upp á móti neikvæðum eiginleikum annars hóps, þá sérstaklega ef fyrri hópnum finnst að sér vegið eða sér sé ógnað. Jákvæðar tilfinningar hópsins um sjálfan sig eru samt sem áður meira áberandi hluti af sjálfsmynd hóps en neikvæðar tilfinningar um aðra hópa. Síðan, eftir að sjálfsmynd ákveðins hóps hefur verið mynduð, þá þarf hópurinn að tengja þessa sjálfsmynd við stjórnmal og gera það þannig að það hafi áhrif á þá sem telja sig vera innan hópsins. Mikilvægt er að skilja hvaða sjálfsmyndareinkenni hóps hentar að nota í pólítískum tilgangi og hvenær. Þetta er mikilvægt til þess að skilja hvernig sjálfsmynd mótar hegðun fólks, vegna þess að einstaklingar geta verið með margar mismunandi félagslegar sjálfsmyndir sem geta skarast og eru þeim mismikilvægar. Eftir þetta myndu til dæmis hagsmunasamtök virkja hópinn pólítískt með því að sýna að þessu sameiginlega sjálfsmyndareinkenni hópsins væri ógnað af úthópi (e. out group). Ef meðlimir hópsins trúa því að sjálfsmynd þeirra sé ógnað þá eru þeir mun líklegri til þess að grípa til aðgerða til þess að vernda þessa sjálfsmynd sína.²⁰

Um 30% einstaklinga í Bandaríkjunum eiga skotvopn í einhverju formi. Um helmingur Bandaríkjamanna í dag ólst upp á heimili þar sem skotvopn voru til staðar. Ástæður fyrir þessari miklu skotvopnaeign í Bandaríkjunum eru margvíslegar, t.d. til öryggis, til veiða, til skotfimiæfinga og sumir hafa einfaldlega gaman af því að safna byssum. En jafnvel þó hvítir karlmenn, sem búa í dreifbýli og eru hægrisinnaðir séu líklegri en aðrir hópar til þess að eiga skotvopn, þá

¹⁹ Matthew J. Lacombe, „The Political Weaponization of Gun Owners: The National Rifle Association’s Cultivation, Dissemination, and Use of a Group Social Identity,” *The Journal of Politics* 81, nr. 4 (2019): pp. 1342-1356, <https://doi.org/10.1086/704329>

²⁰ Matthew J. Lacombe, „The Political Weaponization of Gun Owners: The National Rifle Association’s Cultivation, Dissemination, and Use of a Group Social Identity,” *The Journal of Politics* 81, nr. 4 (2019): pp. 1342-1356, <https://doi.org/10.1086/704329>

er skotvopnaeign samt sem áður einnig áberandi meðal margra annarra hópa Bandaríkjamanna. Um 39% bandarískra karla eiga skotvopn, og eru þeir mun líklegri en bandarískar konur til þess að eiga slík vopn. En samt sem áður eiga 22% kvenna í Bandaríkjunum eitt eða fleiri skotvopn, sem er alls ekki lágt hlutfall í hinu stóra samhengi.²¹

Samkvæmt rannsókn Lacombe, Howat og Rothschild, sem var birt í ágúst 2019, er hægt að spá fyrir um skoðun einstaklings á hertari skotvopnalöggjöf með því að horfa á hversu stór þáttur honum finnst skotvopnaeign vera af sjálfsmynd sinni. Þeir komust að því að sjálfsmynd einstaklinga tengd skotvopnum er eitthvað sem hægt er að mæla. Einstaklingar sem tengja skotvopnaeign sterkt við sína eigin sjálfsmynd eru líklegri til þess að styðja stefnumótun sem styður skotvopnaeign, þeir fylgjast með umræðu og stefnum hins opinbera í sambandi við skotvopn og eru síðan líklegri til þess að taka virkan þátt í stjórnámálum til þess að þjóna þessum skoðunum sínum á skotvopnum. Einnig kemur í ljós að ef einstaklingar skynja að réttindum þeirra til þess að eiga og bera skotvopn sé ógnað, þá eru þeir líklegri til þess að tengja skotvopnaeign sína sterkar við sjálfsmynd sína. Rannsóknin kemst einnig að því að tenging einstaklings á sjálfsmynd sinni við skotvopnaeign vegur enn meira en til dæmis stuðningur hans við ákveðinn flokk þegar skoðanir hans á málefnum skotvopna er annars vegar. Rannsakendurnir Lacombe, Howat og Rothschild halda því síðan fram að þessi miklu tengsl sjálfsmyndar Bandaríkjamanna skýri að einhverju leyti slaka skotvopnalöggjöf landsins. Rannsóknin skoðar einnig áhrif NRA á stjórnámál í landinu með áherslu á sjálfsmynd og sjálfsmyndarstjórnámál. Rannsóknir hafa sýnt að staða skotvopnalöggjafar í Bandaríkjunum er að miklu leyti eins og hún er vegna þess hve áhrifarík NRA samtökin hafa verið í því að virkja stuðningsmenn skotvopnaréttinda á pólitískum vettvangi landsins. Það verður grafið dýpra ofan í það hvernig NRA hefur nýtt sér það hversu mikið stór hópur Bandaríkjamanna tengir skotvopnaeign við sjálfsmynd sína í kaflanum hér að aftan.²²

Í þessum kafla hef ég sýnt fram á hvernig hagsmunahópar geta og hafa nýtt sér sterk tengsl sjálfsmyndar ákveðins hóps Bandaríkjamanna við skotvopnaeign sína. Seinna í ritgerðinni verður síðan skoðað nánar hvernig NRA samtökin hafa nýtt sér sjálfsmynd tengda skotvopnum, byggt á þessum kafla.

²¹ Matthew J. Lacombe, Adam J. Howat, og Jacob E. Rothschild, „Gun Ownership as a Social Identity: Estimating Behavioral and Attitudinal Relationships,” *Social Science Quarterly* 100, nr. 6 (December 2019): pp. 2408-2424, <https://doi.org/10.1111/ssqu.12710>

²² Matthew J. Lacombe, Adam J. Howat og Jacob E. Rothschild, „Gun Ownership as a Social Identity: Estimating Behavioral and Attitudinal Relationships,” *Social Science Quarterly* 100, nr. 6 (December 2019): pp. 2408-2424, <https://doi.org/10.1111/ssqu.12710>

2.4 Annað ákvæði stjórnarskrár Bandaríkjanna

Þegar skoða á áhrif NRA á skotvopnalöggjöf Bandaríkjanna er mikilvægt að átta sig á öðru ákvæði stjórnarskrár landsins. Í þessum kafla mun ég fara yfir það hvað ákvæðið þýðir með áherslu á tvönnis konar mismunandi túlkun á því. Einnig mun ég skoða hvernig Hæstiréttur Bandaríkjanna hefur haft áhrif á túlkun ákvæðisins.

Annað ákvæði stjórnarskrár Bandaríkjanna hljóðar svo:

„A well regulated Militia, being necessary to the security of a free State, the right of the people to keep and bear Arms, shall not be infringed.“²³

Á íslensku hefur ákvæðið verið þýtt á eftirfarandi hátt:

„Með því að landvarnarlið með góðu skipulagi er nauðsynlegt fyrir öryggi frjálsra ríkja skal réttur þjóðarinnar til að eiga og bera vopn óskertur látinn.“²⁴

Líklegt er að ekkert eitt ákvæði í stjórnarskrá Bandaríkjanna hafi verið efni jafn margra rífrilda og mismunandi túlkana og þetta ákvæði. Vandamálið er meðal annars að það er í raun eins og vanti einhverja tengingu á milli fyrri og seinni parts ákvæðisins. Í fyrri partinum er talað um nauðsyn landvarnarliðs með góðu skipulagi. En seinni hlutinn segir hins vegar að réttur þjóðarinnar til að eiga og bera skotvopn sé algjör og margir hafa túlkað það svo að ekki megi skerða þann rétt á nokkurn hátt.²⁵

Eins og segir hér að ofan þá hefur túlkunin á ákvæðinu verið mikið til umræðu í gegnum tíðina. Aðal ágreiningurinn þegar kemur að túlkun ákvæðisins er sá hvort hinn svokallaði „einstaklingsréttur“ sé varinn í ákvæðinu, þ.e. að réttur Bandaríkjamanna til að eiga og bera skotvopn til einkanota sé stjórnarskrárvarinn réttur. Samkvæmt kenningunni um að einstaklingsrétturinn sé stjórnarskrárvarinn réttur, er öllu löggjafarvaldi í Bandaríkjunum óheimilt að samþykkja nokkur lög sem takmarka skotvopnaeign almennings í landinu. Á hinn bóginn eru þeir sem aðhyllast kenninguna um sameiginleg réttindi (e. collective rights theory) . Þeir sem aðhyllast þá kenningu horfa þá meira til fyrri hluta ákvæðisins þar sem fjallað er um vel skipulagt landvarnarlið. Þeir halda því fram að tilgangur ákvæðisins hafi upprunalega verið sá að alríkið gæti ekki tekið vopn, og réttinn til að verja sig, af ákveðnum ríkjum. Fylgjendur þessarar kenningar eru því á þeirri skoðun að einstaklingar í Bandaríkjunum hafi ekki óskoraðan

²³ James A. Morone og Rogan Kersh, *By the People: Debating American Government* (New York, NY: Oxford University Press, 2018)

²⁴ „Stjórnarskrá Bandaríkjanna,” Stjórnlagaráð 2011 - Gagnasafn, accessed January 2, 2020, <http://www.stjornlagarad.is/gagnasafn/>

²⁵ William Van Alstyne, „The Second Amendment and the Personal Right to Arms,” *Duke Law Journal* 43, nr. 6 (1994): p. 1236, <https://doi.org/10.2307/1372856>.

rétt til þess að eiga og bera skotvopn og að bæði löggjafarvald ríkja og alríkisins hafi rétt til þess að skerða skotvopnaeign almennings án þess að það brjóti gegn stjórnarskránni.²⁶

Árið 1939 tók Hæstiréttur Bandaríkjanna fyrir málið *United States vs Miller*. Í þessu máli dæmdi rétturinn í samræmi við *collective rights* kenninguna. Málið fjallaði um afsagaða haglabyssu sem flutt hafði verið milli ríkja í viðskiptum. Rétturinn dæmdi svo að ekki væri hægt að halda því fram á skynsamlegan hátt að byssan væri á nokkurn hátt tengd vel skipulögðu varnarliði. Rétturinn útskýrði svo að tilgangur annars ákvæðis stjórnarskrárinnar væri að tryggja skilvirkni bandaríska hersins. Þetta fordæmi Hæstaréttar stóð í nánast 70 ár þangað til rétturinn tók fyrir málið *District of Columbia vs Heller* sem fjallað verður nánar um hér að aftan.²⁷

Hér hef ég farið yfir helstu atriði og vafamál í túlkun annars ákvæðis stjórnarskrár Bandaríkjanna. Meðal annars hef ég skoðað hvernig fólk skiptist í tvo hópa þegar kemur að túlkun á ákvæðinu, þá sem segja að ákvæðið veiti almenningi nánast ótakmarkaðan rétt til þess að eiga og bera skotvopn, og þá sem halda því fram að ákvæðið sé til þess gert að veita vel skipulögðu landvarnarliði réttinn til þess að bera skotvopn. Ég skoðaði síðan hvernig Hæstiréttur Bandaríkjanna hefur mótað túlkunina á ákvæðinu.

2.5 Samantekt

Í þessum fræðilega hluta ritgerðarinnar hef ég lagt grundvöllinn að því að sýna fram á hvernig NRA samtökin hafa nýtt sér íhaldsstefnu, trú og sjálfsímynd Bandaríkjamanna í baráttu sinni gegn hertri skotvopnalöggjöf og fyrir rétti almennings til þess að eiga og bera skotvopn. Síðan fór ég í stuttu máli yfir annað ákvæði stjórnarskrár Bandaríkjanna og mun fjalla nánar um áhrif NRA samtakanna á það hér að aftan.

²⁶ Legal Information Institute, “Second Amendment,” (Legal Information Institute), accessed January 2, 2020, https://www.law.cornell.edu/wex/second_amendment

²⁷ Legal Information Institute, “Second Amendment,” (Legal Information Institute), accessed January 2, 2020, https://www.law.cornell.edu/wex/second_amendment

3 Áhrif NRA á skotvopnalöggjöf

Í þessum tilvikshluta ritgerðarinnar mun ég grafa dýpra ofan í NRA samtökin, ítök þeirra í stjórnámálum í Bandaríkjunum og hvernig samtökin hafa beitt sér og sínum meðlimum í baráttunni gegn hertari skotvopnalöggjöf. Ég mun síðan fara nánar í það hvernig annað ákvæði stjórnarskrár Bandaríkjanna hefur haft áhrif á skotvopnalöggjöf í landinu og hvernig NRA samtökin hafa nýtt sér óljósa þýðingu þess. Ég mun síðan skoða hvaða, ef þá einhver, áhrif NRA samtökin hafa haft á skotvopnalöggjöf í Bandaríkjunum.

3.1 NRA

Í þessum kafla mun ég ræða um hvernig NRA samtökin hafa haft áhrif á skotvopnalöggjöf í Bandaríkjunum á árunum 1970 til dagsins í dag. Ég mun skoða hvernig samtökin hafa breyst og hverjar aðferðir þeirra eru í baráttu þeirra fyrir réttinum til þess að eiga og bera skotvopn. Nánar tiltekið mun ég horfa á það hvernig samtökin hafa tengt trú og siðferði Bandaríkjamanna við skotvopnaeign og hvernig þessi tengsl hafa mótað sjálfsmynd ákveðins hóps Bandaríkjamanna.

3.1.1 Upphaf og áhrif NRA

Landssamband byssueiganda í Bandaríkjunum (e. National Rifle Association) eða NRA hafa verið starfandi síðan 1871. Samtökin voru stofnuð til að hafa yfirsýn yfir skotvopnanotkun sem íþrótt. Í byrjun 21. aldarinnar voru meðlimir samtakanna orðnir fleiri en fimm milljónir. Samtökin breyttust nokkuð mikið á miðri síðustu öld frá því að vera einungis samtök sem höfðu yfirsýn yfir skotvopnanotkun til íþróttaiðkunar í það að vera samtök sem höfðu mikil ítök inn í stjórnámál og settu sig upp á mótí nánast öllum nýjum lagasetningum sem takmörkuðu skotvopnaeign á einhvern hátt. Samtökin halda því fram að öll lög sem takmarka skotvopnaeign almennings brjóti á öðru ákvæði stjórnarskrárinnar og sé alvarlegt brot á frelsi einstaklingsins.

28

Samtökin hafa gríðarlega mikil völd í Washington. Þau gefa meðal annars mikla fjármuni til stjórnámálamanna og ætlast því til að þeir styðji samtökin í baráttu sinni fyrir aukinni, eða að minnsta kosti óbreyttri skotvopnaeign almennings í Bandaríkjunum.²⁹ Þegar aðferðir og orðræða NRA er skoðuð kemur betur í ljós af hverju ekki meira hefur gerst í sambandi við hertari skotvopnalöggjöf í Bandaríkjunum. Samtökin eru gríðarlega fjársterk og eyða miklu af

²⁸ <https://www.britannica.com/topic/National-Rifle-Association-of-America>

²⁹ Brennan Weiss og Skye Gould, „These Are the Members of Congress with the Most NRA Donations,” Business Insider (Business Insider, February 28, 2018), <https://www.businessinsider.com/nra-political-contributions-congressional-candidates-house-senate-2018-2?r=US&IR=T>

Því fé til að styðja frambjóðendur sem líklegir eru til þess að berjast fyrir málstað samtakanna. Það er því hægt að draga þá ályktun að samtökin séu mjög áhrifarík í Washington. Sem dæmi má skoða framlög NRA til John McCain, sem sat í öldungadeild þingsins fyrir Repúblikana frá 1987 til 2018 þegar hann lést. Frá árinu 1989 hefur NRA gefið framboðum hans yfir sjö milljónir bandaríkjadala. Á þessu tímabili hefur enginn öldungardeildarþingmaður fengið meira fjármagn frá NRA en John McCain. Annað dæmi er öldungardeildarþingmaður Repúblikana frá Florida, Marco Rubio, en NRA hefur gefið framboðum hans yfir þrjár milljónir dollara. Rubio hefur þó setið mun skemur á þinginu sem gæti útskýrt þennan mun.³⁰

3.1.2 Hugmyndafræði NRA

Í augum NRA eru færri skotvopn aldrei lausnin á neinu vandamáli. Ef eitthvað þá felst orðræða NRA oft í því að fleiri skotvopn gætu verið lausnin á því vandamáli sem dauðsföll tengd skotvopnum eru í Bandaríkjunum.³¹ Árið 2012 var framin skotárás í Sandy Hooks leikskólanum í Connecticut þar sem árásarmaður réðst inn og tók líf 27 manns, þar af voru 20 börn á aldrinum 6–7 ára. Sjaldan hefur ákall mikils hluta Bandaríkjamanna hljómað jafn hátt og eftir þessa árás. Á þessum tímapunkti héldu margir að umræðan væri kominn á ákveðinn suðupunktur og ekki væri hægt annað en að herða löggjöfina að nokkru leyti svo að slíkt voðaverk myndi ekki endurtaka sig.³²

En NRA var svo sannarlega ekki á því að færri skotvopn og hertari löggjöf í kringum þau væri rétta lausnin. Wayne LaPierre, þáverandi aðstoðarframkvæmdastjóri NRA hélt blaðamannafund nokkrum dögum eftir Sandy Hook skotárásina. Á þessum fundi velti LaPierre því fyrir sér hvort vopnaðir verðir við innganga í skólum landsins myndu koma í veg fyrir árásir af þessu tagi. Hann rökstuddi þetta til dæmis með hinni fleygu setningu „*The only thing that stops a bad guy with a gun is a good guy with a gun.*“ Lauslega þýtt: Það eina sem stoppar vandan karl með byssu er góður karl með byssu.³³

³⁰ Brennan Weiss og Skye Gould, „These Are the Members of Congress with the Most NRA Donations,” Business Insider (Business Insider, February 28, 2018), <https://www.businessinsider.com/nra-political-contributions-congressional-candidates-house-senate-2018-2?r=US&IR=T>

³¹ Trent Steidley og Cynthia G. Colen, „Framing the Gun Control Debate: Press Releases and Framing Strategies of the National Rifle Association and the Brady Campaign*,” Social Science Quarterly 98, nr. 2 (2016): pp. 608-627, <https://doi.org/10.1111/ssqu.12323>

³² James M Shultz o.fl., „The Sandy Hook Elementary School Shooting as Tipping Point,” Disaster Health 1, nr. 2 (2013): pp. 65-73, <https://doi.org/10.4161/dish.27113>

³³ Trent Steidley og Cynthia G. Colen, „Framing the Gun Control Debate: Press Releases and Framing Strategies of the National Rifle Association and the Brady Campaign*,” Social Science Quarterly 98, nr. 2 (2016): pp. 608-627, <https://doi.org/10.1111/ssqu.12323>

3.1.3 Aukin áhersla á trú og siðferði

Á seinustu 40 árum hafa NRA samtökin unnið markvisst að því að tengja annað ákvæði stjórnarskrárinnar við kristin hugtök og hugmyndafræði um hvað það þýðir að vera „alvöru“ Bandaríkjamadur. Einnig er hægt að skoða hvernig NRA samtökin hafa breyst frá miðjum áttunda áratugi seinustu aldar til dagsins í dag. Samtökin voru ekki alltaf jafn mikil harðlínu samtök í baráttunni gegn allri skotvopnalöggjöf líkt og þau eru í dag. Eitt af því sem samtökin hafa gert í gegnum tíðina er að samvefja trú baráttu sinni gegn skotvopnalöggjöf og gert trú og skotvopnaeign hliðstæða að einhverju leyti. Stjórnsmál og trú hafa lengi verið samofinn partur af sögu Bandaríkjanna. Trúarlega þjóðernisstefnu má rekja alla leið aftur til stofnunar Bandaríkjanna. Hið trúarlega landslag Bandaríkjanna í dag má hins vegar rekja að miklu leyti til ókyrrðar sem var í bandarískum stjórnsmálum á sjöunda áratug seinustu aldar. Samtökin New Christian Right voru stofnuð árið 1979 og urðu áhrifamikil á níunda áratugnum. New Christian Right og NRA, undir forystu Harlan Carter nýttu sér bæði ákveðið bakslag í bandarísku þjóðfélagi gegn því forskoti sem frjálslyndið náði á sjöunda áratug liðinnar aldar. Í kjölfar Watergate og fleiri áberandi hneykslismála í stjórnsmálum höfðu íhaldssamir Bandaríkjamenn áhyggjur hjá af því að siðferði Bandaríkjanna væri á niðurlæð.

Hnignandi siðferði samfélagsins er eitt af því sem þjóðernisstefna einbeitir sér mikið að. Bæði New Christian Right og NRA sáu vandamál Bandaríkjanna á þessum árum sem vitnisburð um siðferðislega hnignun þjóðfélagsins. Áhrif og orðræða New Christian Right samtakanna var eitthvað sem ekki hafði sést áður á sviði trúar og stjórnsmála. Þetta voru samtök sem „hneyksluðust“ á siðferðishnignun samfélagsins, þau voru félagslega virk og tóku skipulagðan þátt í stjórnsmálum. New Christian Right náði einmitt til kjósenda með því að höfða til siðferðiskenndar þeirra og beita orðræðu sem snerist um hnignun siðferðis Bandaríkjanna. New Christian Right einblíndi á algjöra hlýðni við lög Guðs sem einhvers konar lausn á því vandamáli sem samtökunum fannst siðferðisleg hnignun Bandaríkjanna vera merki um. NRA speglaði þetta síðan með því að halda því fram að annað ákvæði stjórnarskrárinnar væri guðsgefinn réttur hvers Bandaríkjamanns og öll takmörkun á ákvæðinu myndi í raun vera stórslys fyrir þjóðina.³⁴

³⁴ Jessica Dawson, „Shall Not Be Infringed: How the NRA Used Religious Language to Transform the Meaning of the Second Amendment,” *Palgrave Communications* 5, nr. 1 (February 2019), <https://doi.org/10.1057/s41599-019-0276-z>

3.1.4 Skotvopnaeign og sjálfsmynd, aðgerðir og aðferðir NRA

Yfir milljón Bandaríkjamenn sækja einhvers konar námskeið eða dagskrá á vegum NRA samtakanna ár hvert. Samtökin hafa í fjöldamörg ár verið langstærsti skipuleggjandi námskeiða í landinu sem tengjast skotvopnum. Snemma á 20. öldinni byrjuðu samtökin að bjóða upp á skotfiminámskeið fyrir almenning. Þessum námskeiðum fjölgaði síðan enn frekar á sjötta áratug síðustu aldar, þá byrjuðu samtökin einnig að halda slík námskeið sem voru ætluð til að kenna hermönnum, sem barist höfðu í seinni heimstyrjöldinni, veiðar. Námskeið samtakanna hafa opinberlega alltaf átt að snúast um það að þróa skotfimi og aðra hæfni tengda skotvopnum, þeirra sem námskeiðin sækja. En í gegnum söguna er hægt að sjá að NRA hafa á sama tíma notað þessi námskeið vísvitandi til að dreifa pólitískum skoðunum sínum. Á fyrstu námskeiðum samtakanna var kennd skotfimi, en þau tengdu einnig skotvopnaeign við föðurlandsást, ríkisborgararétt, hugrekki og ábyrgð. Skotfiminámskeið sem ætluð voru börnum og ungu fólki voru bæði auglýst þannig að þau myndu gæða unga fólkið jákvæðum eiginleikum og koma ungu fólki snemma inni í félagslegan hóp NRA samtakanna og skotvopnaeigenda.³⁵

Á seinustu árum hafa NRA samtökin haldið námskeið sem kenna hvernig á að bera vopn innan klæða (e. concealed carry). En námskeiðin fjalla í raun alls ekki bara um skothæfni og umgengi um skotvopn, heldur fjalla þau líka um svokallaða skotvopnamenningu. Jennifer Carlson, sem í nafni rannsóknar sinnar ákvað að sitja nokkur slík námskeið, segir að samtökin séu að endurmóta skotvopnamenningu frá toppi til táar. Í stað þess að kenna fólki að verja sig með skotvopnum þá snúist námskeiðin að miklu leyti um það að kenna fólkinu að þeir sem eiga og bera skotvopn séu viss manntegund, löghlýðin manneskja, en samt sem áður tilbúin að beita banvænu afli til þess að verja saklaust líf. Oft á tíðum er nauðsynlegt að sitja námskeið sem þessi til þess að öðlast þau réttindi að mega bera skotvopn innan klæða. Carlson sýnir fram á það að þegar einstaklingur ber falið vopn þá eykur það tengsl hans við sjálfsmynd sína tengda skotvopnum, því þeir séu sífellt minntir á sjálfsmyndina vegna þess að þeir í raun ganga um með hana í formi vopns innan klæða. Aðrar rannsóknir hafa síðan sýnt að sumir meðlimir NRA gengu í samtökin eingöngu til þess að taka þátt í námskeiðum, en urðu síðar meir virkir í stjórnámálum tengdum skotvopnum. Verðugt er að minnast á það að allir þeir sem vilja sækja einhvers konar námskeið á vegum NRA verða að ganga í samtökin, og með því fylgir áskrift af

³⁵ Matthew J. Lacombe, „The Political Weaponization of Gun Owners: The National Rifle Association’s Cultivation, Dissemination, and Use of a Group Social Identity,” *The Journal of Politics* 81, nr. 4 (2019): pp. 1342-1356, <https://doi.org/10.1086/704329>

American Rifleman tímaritinu. Þannig að líklegt er að allir þeir sem ganga í samtökin, af hvaða ástæðu sem það er, muni að einhverju leyti verða varir við sjálfsmyndarmótun NRA.³⁶

Með kenninguna um sjálfsmyndarstjórnsmál til hliðsjónar, sem farið var yfir hér að framan er hægt að skoða hvernig NRA samtökin hafa til dæmis aukið orðræðu sína tengda trú í tímaritinu *American Rifleman* sem gefið er út af samtökunum. Trúarleg orðnotkun hefur aukist að verulegu leyti á seinustu 20 árum í tímaritinu. Á mynd 1 sést hvernig þróun notkunar á frösunum „god given“, „god bless“, „in god we trust“ og „thank god“ var á árunum 1975–2018. Notkun á öllum frösunum nema „thank god“ hefur aukist talsvert á þessum rúmu 40 árum. Á mynd 2 sést síðan þróunin á notkun frasans „god given right“ í sambandi við notkunina á frösunum „bear arms“ og „self defense“. Frasin „god given“ hefur birst 64 sinnum í *American Rifleman* síða 1975. Harlan Carter, þáverandi forseti NRA virðist hafa verið einn af þeim fyrstu til þess að nota orðalagið í tímaritinu árið 1979, tveim árum eftir að hann og aðrir annars ákvæðis harðlínsmenn komust til valda innan NRA.³⁷

„Our NRA Members stand foremost in the struggle to protect and preserve all our God-given, constitutional and long-accepted rights. We stand foremost among those who see and recognize clearly the unfailing mix and combination of those rights with the right of the people to keep and bear arms.“³⁸

Nokkur aukning á notkun þessara fjögurra frasa var á árunum 2000–2009. Það var einmitt seint á þessum áratug sem NRA barðist fyrir þeim rétti að fá að bera vopn innan klæða. Áhugavert er að sjá að aukning frasanna „bear arms“ og „self defense“ eykst samhliða aukningu á notkun „god given“. NRA gaf út þessa yfirlýsingu árið 2009 í sambandi við réttinn til þess að verja sig.³⁹

„The American people...will never surrender their right to protect themselves, defend their families and defend their freedom here in the United States of America,” [LaPierre]


³⁶ Matthew J. Lacombe, „The Political Weaponization of Gun Owners: The National Rifle Association’s Cultivation, Dissemination, and Use of a Group Social Identity,” *The Journal of Politics* 81, nr. 4 (2019): pp. 1342-1356, <https://doi.org/10.1086/704329>

³⁷ Jessica Dawson, „Shall Not Be Infringed: How the NRA Used Religious Language to Transform the Meaning of the Second Amendment,” *Palgrave Communications* 5, nr. 1 (February 2019), <https://doi.org/10.1057/s41599-019-0276-z>


³⁸ Harlan Carter, „What Is the NRA,” *American Rifleman*, 1979, pp. 54-55

³⁹ Jessica Dawson, „Shall Not Be Infringed: How the NRA Used Religious Language to Transform the Meaning of the Second Amendment,” *Palgrave Communications* 5, nr. 1 (February 2019), <https://doi.org/10.1057/s41599-019-0276-z>

proclaimed. “The National Rifle Association will always defend that God-given birthright from every enemy out there, both foreign and domestic!”⁴⁰



Mynd 1. Fjöldi tilvísana í Guð í *American Rifleman* tímaritinu frá 1975-2018



Mynd 2 Notkun frasanna „god-given right“, „bear arms“ og „self-defense“ í *American Rifleman* tímaritinu frá 1975-2018

⁴⁰ NRA Staff, *American Rifleman*, 1994, p.52

Um tveir þriðju (66%) af öllu útgefnu efni á vegum NRA samtakanna inniheldur einhverjar vísanir í það að frelsinu til þess að eiga og bera skotvopn sé ógnað. Síðan inniheldur meira en þriðjungur (36%) efnisins einhvers konar ákall til skotvopnaeigenda að berjast fyrir þessu frelsi sínu og gegn hertari skotvopnalöggjöf. Þetta ákall samtakanna virðast bera nokkurn árangur. Miðað við flest fáanleg gögn þá eru þeir sem aðhyllast réttinn að eiga og bera skotvopn mun virkari í pólitískum málefnum sem viðkemur skotvopnum, en þeir sem aðhyllast hertari löggjöf. Hægt er að finna dæmi um ákall NRA samtakanna til stuðningsmanna að minnsta kosti aftur til ársins 1934, þegar National Firearms Act ávarpið var samþykkt. Eftir ákall NRA til stuðningsmanna sína, sendu þeir fjöldann allan af bréfum á Bandaríkjaþing til að mótmæla ávarpinu. Í *American Rifleman* tímaritinu birtist til dæmis grein sem bar titilinn „Keep Those Letters and Telegrams Coming“ lauslega þýtt sem „haldið áfram að senda bréf og símskeyti á þingið“. Á endanum var ávarpið þó samþykkt þrátt fyrir móttöðu NRA, en samtökin náðu samt sem áður að hafa talsverð áhrif á það þeim til góða. Heimildir herma að þáverandi þingmenn hafi verið bálreiðir NRA samtökunum fyrir aðkomu sína í málinu og að þeir hafi virkjað stuðningsmenn sína.⁴¹ Á sjöunda áratug seinustu aldar beittu NRA samtökin aftur meðlimum sínum í baráttu sinni gegn hertari skotvopnalöggjöf. Nokkur frumvörp sem höfðu þann tilgang að takmarka skotvopnaréttindi almennings að einhverju leyti höfðu verið lögð fyrir þingið á áratuginum. Í apríl 1965 sendu samtökin frá sér tilkynningu þar sem þau hvöttu alla meðlimi samtakanna til þess að fá vini og fjölskyldu með sér í lið við að skrifa bréf til þingmanna.

Tilkynningu NRA fylgdu einnig leiðbeiningar um það hvernig skrifa ætti árangursríkt bréf. Svörin við ákalli samtakanna voru gríðarleg. Sem dæmi þá fékk Lyndon B. Johnson, þáverandi forseti Bandaríkjanna 50 bréf í mánuðinum áður en NRA sendi út fréttatilkynninguna, mörg hver studdu hertari skotvopnalöggjöf. Í mánuðinum eftir tilkynninguna fékk Johnson hins vegar yfir 12.000 bréf og nær öll voru á móti hertari skotvopnalöggjöf. Ónefndur þingmaður fékk síðan 3000 bréf og aðeins þrjú þeirra studdu hertari löggjöf. Það sama gerðist í mars 1989 þegar þáverandi forseti Bandaríkjanna, George Bush eldri, ákvað að stöðva tímabundið innflutning á hríðskotabyssum til landsins eftir fjöldaskotárás í skóla í Stockton í Kaliforníu. Í apríl útgáfu *American Rifleman* sama ár birtist grein með fyrirsögn sem hljóðar svo:⁴²

⁴¹ Matthew J. Lacombe, „The Political Weaponization of Gun Owners: The National Rifle Association’s Cultivation, Dissemination, and Use of a Group Social Identity,” *The Journal of Politics* 81, nr. 4 (2019): pp. 1342-1356, <https://doi.org/10.1086/704329>

⁴² Matthew J. Lacombe, „The Political Weaponization of Gun Owners: The National Rifle Association’s Cultivation, Dissemination, and Use of a Group Social Identity,” *The Journal of Politics* 81, nr. 4 (2019): pp. 1342-1356, <https://doi.org/10.1086/704329>

„Last year anti-gunners said criminals use handguns. So they conspired to ban handguns. This year they say criminals use semi-autos. So they're conspiring to ban semi-autos. What they really want is a ban on all guns. ...Your guns. And if we don't act now, they'll have their way. ... 70 million law-abiding gun owners should say, 'Enough is enough! Leave our rights alone!'”⁴³

Í stuttu máli þá halda NRA samtökin því fram að samsæri þeirra, sem eru einfaldlega á móti skotvopnum, valdi því að reynt hafi verið að herða skotvopnalöggjöf. Samtökin halda því fram að þessir einstaklingar vilji banna öll skotvopn og ef meðlimir samtakanna bregðist ekki við núna þá muni 70 milljónir löghlýðinna skotvopnaeigenda missa skotvopn sín. Í kjölfar þessa ákalls NRA fékk Bush 143 bréf þar sem bannið var stutt, hins vegar fékk hann yfir 4000 bréf þar sem bannið var fordæmt. Í maí 1991 var svipað upp á teningnum þegar rætt var um hið svokallaða Brady frumvarp. Frumvarpið lagði það til að bíða þyrfti í fimm daga áður en einstaklingur sem keypti skotvopn án skotvopnaleyfis fengi vopnið afhent. NRA gáfu þá út svipaða fréttatilkynningu og tveimur árum áður. Aftur skilaði það sér og fékk Bush 5242 bréf sem fordæmdu frumvarpið en ekki nema 92 sem studdu það.⁴⁴

Kannanir allt frá árinu 1978 til ársins 2017 sýna það að þeir sem styðja skotvopnaréttindi eru mun líklegri en þeir sem styðja hertari löggjöf til þess að vera virkir í stjórnámálum og láta í sér heyra í sambandi við málefni skotvopna. Meðal annars skrifa þeir sem styðja skotvopnaréttindi frekar bréf eða hafa samband við stjórnámálamenn og einnig eru þeir líklegri til þess að gefa fé til málstaðar sem þeir styðja. Meðlimir NRA samtakanna eru síðan enn líklegri en aðeins skotvopnaeigendur til þess að hafa samband við opinbera fulltrúa í sambandi við mál tengd skotvopnum, sem gefur til kynna að aðferðir og ákall NRA hafi borið árangur við að fá skotvopnaeigendur til þess að taka þátt í pólitísku baráttunni gegn hertari skotvopnalöggjöf í landinu. Einnig er það áhugaverð staðreynd að 71% þeirra sem styðja skotvopnaréttindi segjast aldrei muni kjósa frambjóðanda sem styður hertari löggjöf í einhverju formi. Hins vegar segja aðeins 34% þeirra sem styðja hertari löggjöf að þeir myndu aldrei kjósa frambjóðanda sem ekki væri á sömu skoðun og þeir í þessu málefni.⁴⁵

⁴³ Matthew J. Lacombe, „The Political Weaponization of Gun Owners: The National Rifle Association's Cultivation, Dissemination, and Use of a Group Social Identity,” *The Journal of Politics* 81, nr. 4 (2019): pp. 1342-1356, <https://doi.org/10.1086/704329>

⁴⁴ Matthew J. Lacombe, „The Political Weaponization of Gun Owners: The National Rifle Association's Cultivation, Dissemination, and Use of a Group Social Identity,” *The Journal of Politics* 81, nr. 4 (2019): pp. 1342-1356, <https://doi.org/10.1086/704329>

⁴⁵ Matthew J. Lacombe, „The Political Weaponization of Gun Owners: The National Rifle Association's Cultivation, Dissemination, and Use of a Group Social Identity,” *The Journal of Politics* 81, nr. 4 (2019): pp. 1342-1356, <https://doi.org/10.1086/704329>

Nýlegar rannsóknir hafa sýnt fram á það að pólitísk þátttaka skotvopnaeigenda veltur bæði á sjálfsmynd þeirra tengdum skotvopnum og einnig ef þeim finnst réttindum sínum til þess að eiga og bera skotvopn ógnað. Í rannsókn Melzer frá árinu 2009, þar sem hann tók viðtöl við meðlimi NRA samtakanna, sögðu margir viðmælendur hans að þeim fyndist réttindum sínum til að eiga og bera skotvopn mjög ógnað. Viðmælendur sögðu einnig að upplýsingar frá NRA hefðu mikil áhrif á pólitíska hegðun þeirra. Í annarri nýlegri rannsókn frá árinu 2017 kom fram að einstaklingar sem tengja sjálfsmynd sína sterkar við skotvopnaeign eru líklegri en aðrir til þess að taka þátt í stjórnámálum tengdum skotvopnum, til dæmis með bréfaskriftum eða öðrum leiðum til þess að hafa samband við stjórnámálamenn. Algengt er að þeir sem tengi sjálfsmynd sína sterkt við skotvopnaeign séu líklegri til þess að taka einhvern þátt, eða láta í sér heyra í sambandi við málefni skotvopna meira en einungis að mæta á kjörstað og kjósa. Leiðtogar NRA samtakanna viðurkenna það líka fúslega hversu mikið vald og áhrif samtakanna er tengt virkni og aðgerða meðlima þess. Þeir átta sig einnig á því hvernig sú staðreynd að samtökin eiga tiltölulega auðvelt með að virkja meðlimi sína tengist því hversu sterkt margir skotvopnaeigendur tengja sjálfsmynd sína við skotvopnaeign sína. David Keene, fyrrum forseti NRA hefur sagt að vald samtakanna komi ekki frá fjárafli þeirra, heldur frá því að meðlimir samtakanna mæta raunverulega á kjörstaði og kjósa. Hann segir að munurinn á NRA og öðrum hagsmunahópum sé sá að þeir hafi skapað ákveðið samfélag og ef þetta samfélag sér að öðru ákvæði stjórnarskrárnar er ógnað, þá mætir það á kjörstað og lætur þannig rödd sína heyrast. Kayne Robinson, fyrrum forseti og framkvæmdastjóri samtakanna hefur tekið undir það að mikilvægt sé að meðlimir samtakanna átti sig á ógninni sem steðjar að öðru ákvæðinu og það sé í raun það mikilvægasta þegar kemur að því að virkja meðlimina til pólitískra aðgerða.⁴⁶

Því hefur verið haldið fram að Reagan hefði mögulega aldrei unnið forsetakosningarnar 1980 ef ekki hefði verið fyrir þá staðreynd að íhaldssamir kjósendur töldu siðferðislega hnignun þjóðarinnar vera vandamál. NRA samtökin hafa verið dugleg við það að miðla því til meðlima sinna að réttinum til að eiga og bera skotvopn sé ógnað og að þessi ógn stafi af samfélagslegum og menningarlegum breytingum. Samtökin treysta á það að ef fólk skynjaði að réttindi þess, staða innan samfélagsins og sjálfsmynd væri ógnað vegna harðari skotvopnalöggjafar, þá sé það líklegra til þess að grípa til aðgerða. Aðgerðir NRA hafa verið gríðarlega árangursríkar í því að tengja réttinn að eiga skotvopn við stærri menningarleg málefni. Á sjöunda áratug

⁴⁶ Matthew J. Lacombe, „The Political Weaponization of Gun Owners: The National Rifle Association’s Cultivation, Dissemination, and Use of a Group Social Identity,” *The Journal of Politics* 81, nr. 4 (2019): pp. 1342-1356, <https://doi.org/10.1086/704329>

seinustu aldar kom fram hávært kall eftir hertari skotvopnalöggjöf. Í þá daga voru það ekki fjöldaskotárásir eins og í dag, heldur nokkur áberandi morð á frægum einstaklingum sem urðu til þess að ákall fyrir hertari löggjöf hófst. Einnig hafði aukið almennt ofbeldi í samfélaginu áhrif á það. En raunveruleikinn er sá að ekkert náðist fram í hertari löggjöf þangað til að ríkisstjórn Bills Clintons náði breytingum í gegn á árunum 1993–1994.⁴⁷

Það virðist hafa tekist hjá NRA að tengja skotvopnaeign við sjálfsmynd fólks, að minnsta kosti hjá ákveðnum hópum Bandaríkjamanna. Þrátt fyrir að mismunandi sé hversu mikilli sjálfsvaldeflingu (e. self-empowerment) skotvopnaeigendur finna fyrir vegna skotvopnaeignar sinnar, þá voru hvítir skotvopnaeigendur, sem höfðu fundið fyrir einhvers konar hræðslu við fjárhagslega erfiðleika líklegastir til að byggja sjálfsímynd sína að miklu leyti á þeirri staðreynd að þeir voru skotvopnaeigendur. Fyrir þennan hóp var skotvopnaeign og valdeflingin sem fylgdi því eitthvað sem veitti þeim tilfinningu fyrir tilgangi lífs þeirra sem hvorki efnahagslega staða, né trú þeirra gerði að jafnaði. Tenging þessara skotvopnaeigenda við byssurnar sínar er dregin að miklu leyti af hugmyndum um „ameríska karlmennsku“, frelsi, hetjudáðir, vald og sjálfstæði einstaklingsins.

Á sama tíma eru þeir sem tengja sjálfsmynd sína við skotvopnaeign líklegri til þess að halda því fram að skotvopnaeign geti leyst samfélagsleg vandamál, gert samfélagið öruggara og að það sé í einhverjum tilfellum réttlæt看legt fyrir almenna borgara að taka upp vopn gegn stjórnvöldum.⁴⁸

3.1.5 Samantekt

Í þessum kafla um NRA samtökin hef ég varpað ljósi á það hvernig samtökin hafa breyst frá því að vera einfaldlega samtök sem höfðu yfirsýn yfir skotvopnanotkun sem íþrótt yfir í það að vera risastór hagsmunasamtök með ítök í Washington. Samtökin hafa beitt sér á afgerandi hátt í umræðunni um skotvopnalöggjöf og meðal annars gefið stórar fjárhæðir til íhaldssamra þingmanna. Einnig hef ég fært rök fyrir því hvernig samtökin hafa tengt trú og siðferði við skotvopnaeign og þar af leiðandi tengt skotvopnaeign við sjálfsímynd ákveðins hóps Bandaríkjamanna. Síðan hef ég sýnt fram á það hvernig NRA samtökin hafa nýtt sér þessi tengsl sjálfsmyndar og skotvopna og virkjað meðlimi sína pólitískt, til dæmis með því að hvetja þá til þess að skrifa bréf eða senda símskeyti á stjórnámálsmenn. Ákall NRA til meðlima sinna virðist

⁴⁷ Jessica Dawson, „Shall Not Be Infringed: How the NRA Used Religious Language to Transform the Meaning of the Second Amendment,” *Palgrave Communications* 5, nr. 1 (February 2019), <https://doi.org/10.1057/s41599-019-0276-z>

⁴⁸ F Carson Mencken og Paul Froese, „Gun Culture in Action,” *Social Problems* 66, nr. 1 (2017): pp. 3-27, <https://doi.org/10.1093/socpro/spx040>

hafa borið mikinn árangur. Í hvert skipti sem samtökin hafa virkjað meðlimi sína hefur það að minnsta kosti skilað sér í geysilegri aukningu bréfasendinga til stjórnámálanna, málstað samtakanna til stuðnings.

3.2 Annað ákvæði stjórnarskrár

Í framhaldi af því sem komið hefur fram hér að ofan um hversu árangursríkar aðgerðir NRA samtakanna hafa verið er tilvalið að skoða hvaða áhrif samtökin hafa haft á opinbera túlkun á öðru ákvæði stjórnarskrár Bandaríkjanna.

Þegar horft er á baráttu NRA fyrir skotvopnaeign Bandaríkjanna er mikilvægt að skoða annað ákvæði stjórnarskrár landsins. Í þessum kafla mun ég fjalla enn fremur um það hvernig aðgerðir NRA samtakanna hafa haft áhrif á túlkun annars ákvæðis stjórnarskrárinnar. Ég mun velta fyrir mér vafaatriðum í túlkun ákvæðisins og hvernig NRA hefur notað það til stuðnings baráttu samtakanna. Einnig mun ég skoða hvernig einstaklingsrétturinn hefur þróast og hvaða áhrif það hefur haft á skotvopnalöggjöf í Bandaríkjunum.

3.2.1 Uppruni og vafaatriði í túlkun

Eins og kom fram í fræðilega hluta ritgerðarinnar þá hljóðar ákvæðið svo:

„A well regulated Militia, being necessary to the security of a free State, the right of the people to keep and bear Arms, shall not be infringed.“⁴⁹

Þetta ákvæði er í daglegu tali notað sem réttlætning á skotvopnaeign Bandaríkjanna, en var það í raun ætlun stofnfeðra Bandaríkjanna að allir Bandaríkjamenn hefðu þann rétt að eiga skotvopn? Nauðsynlegt er að horfa til þess að ákvæðið var skrifað árið 1791, þegar byssur voru mjög frumstæðar miðað við þau hálf-sjálfvirku hervopn sem einstaklingar geta fest kaup á í Bandaríkjunum í dag. En mikil umræða hefur verið alla tíð um það hvað þetta ákvæði þýði í raun og veru. Það var á áttunda áratug síðustu aldar þar sem harðlínnumenn um annað ákvæðið tóku völdin innan NRA samtakanna. Þetta voru menn sem túlkuðu annað ákvæði stjórnarskrárinnar þannig að það veitti bandarískum ríkisborgurum ótakmarkaðan rétt til skotvopnaeignar.⁵⁰ En helstu deilurnar um ákvæðið eru einmitt hversu mikinn rétt það upphaflega átti að gefa einstaklingum til þess að eiga og bera skotvopn. Samtök eins og NRA hafa í gegnum tíðina að mestu leyti horft aðeins á seinni part ákvæðisins „the right of the people to keep and

⁴⁹ James A. Morone og Rogan Kersh, *By the People: Debating American Government* (New York, NY: Oxford University Press, 2018)

⁵⁰ Adam Hodges, „The Paranoid Style in Politics,” *Contemporary Discourses of Hate and Radicalism across Space and Genres Journal of Language Aggression and Conflict* 3, nr. 1 (February 2015): pp. 87-106, <https://doi.org/10.1075/jlac.3.1.04hod>

bear Arms, shall not be infringed“ sem að svo sannarlega virðist gefa almenningi réttinn til þess að eiga og nota skotvopn. En á sama tíma hafa samtökin í rauninni reynt að hunsa algjörlega fyrri hluta ákvæðisins sem fjallar um það að ákvæðið eigi við um vel skipulagt landvarnarlið sem nauðsyn fyrir öryggi ríkisins og til þess að vernda frelsi ríkisins, mögulega gegn eigin stjórnvöldum.⁵¹

3.2.2 Barátta fyrir einstaklingsrétti

Á árunum 1980 til 1999 hefur lítill hópur af lögfræðingum, hliðhollur þeirri túlkun á öðru ákvæðinu að það eigi við um rétt einstaklings til að eiga og bera skotvopn, birt margar rannsóknir sem styðja einmitt einstaklingstúlkunina. Þessi hópur hefur birt svo margar slíkar rannsóknir að tvöfalt meira er til af rannsóknum þar sem færð eru rök fyrir einstaklingstúlkuninni en þeirri túlkun að ákvæðið eigið við um vel skipulagt landvarnarlið.⁵² En síðan er líka þess virði að minnst á það að jafnvel þó umræðan snúist í flestum tilfellum um túlkun á öðru ákvæði stjórnarskrárinnar þá innihalda stjórnarskrár 43 af 50 ríkjum sjálfstæð ákvæði þar sem réttur íbúa ríkisins til að eiga og bera skotvopn er tryggður.

Árið 2008 barst Hæstarétti Bandaríkjanna síðan málið „District of Columbia vs Heller. Málið snerist um það hvort að lög sem takmarka skotvopnaeign íbúa Washington DC hefðu brotið gegn öðru ákvæði stjórnarskrárinnar. Málið var það fyrsta sinnar tegundar, þar sem Hæstiréttur hlustaði á mál sem fjallaði um það hvort annað ákvæði stjórnarskrárinnar tryggði einstaklingum réttinn til þess að eiga skotvopn.

NRA samtökin settu sig í fyrstu gegn því að málið yrði tekið fyrir í Hæstarétti. Þau töldu að málið myndi tapast vegna þess að dómarnir sem sátu í Hæstarétti á þessum tíma væru ekki hliðhollir einstaklingstúlkuninni á öðru ákvæðinu.⁵³ Svo fór að Hæstiréttur staðfesti einstaklingsréttinn og þá staðreynd að skammbyssubannið væri brot á stjórnarskránni, með fimm atkvæðum á móti fjórum, og höfðu því áhyggjur NRA af málinu verið óþarfar. Einungis degi eftir að Hæstiréttur staðfesti dóminn snéru NRA samtökin sér að svipuðum bönnum bæði í San Francisco í Kaliforníu og Chicago í Illinois. NRA hefur tekist að draga til baka nokkur bönn

⁵¹ Michael Waldman, *The Second Amendment: a Biography* (New York: Simon & Schuster Paperbacks, 2015)

⁵² Patrick J. Charles, *ARMED IN AMERICA: a History of Gun Rights from Colonial Militias to Concealed Carry* (S.I.: Prometheus, 2019)

⁵³ Debra Cassens Weiss, „Latest News,” *Latest News - ABA Journal*, July 30, 2007, http://www.abajournal.com/news/nra_had_high_court_misgivings/

við skotvopnum í Illinois án þess þó að fá staðfestingu á einstaklingsrétti annars ákvæðisins festan í stjórnarskrá ríkisins.⁵⁴

3.2.3 Samantekt

Í þessum kafla hef ég rætt um hvernig barátta NRA samtakanna og túlkun þeirra á öðru ákvæði stjórnarskrárinnar hefur borið ákveðinn árangur, bæði í tilfalli löggjafar í einstaka ríkjum og staðfestingu Hæstaréttar á því að bann gegn skammbyssum bryti á stjórnarskárvörðum rétti Bandaríkjamanna.

3.3 Dickey-ákvæðið

Gott dæmi um áþreifanleg áhrif NRA í pólitík tengdri skotvopnum er hið svokallað Dickey-ákvæði. Hér mun ég í stuttu máli útskýra ákvæðið og hvernig það hefur í raun stjórnað umræðum um skotvopnalöggjöf Bandaríkjanna og komið í veg fyrir opinberar rannsóknir á ofbeldi tengdu skotvopnum.

Snemma á tíunda áratug seinustu aldar var farið að horfa á byssuofbeldi í Bandaríkjunum sem almennt heilsufarsvandamál. Árið 1992 fór CDC, Heilbrigðisstofnun Bandaríkjanna (US Centers for Disease Control and Prevention) að leggja meiri áherslu á það að fækka dauðsföllum og meiðslum af völdum ofbeldis í landinu og að nota til þess fjárlög frá alríkinu. Þetta varð til þess að rannsóknir sem fjölluðu um ofbeldi af völdum skotvopna litu dagsins ljós frá CDC.⁵⁵ Ein af þessum rannsóknum kom út strax árið 1993. Þar komst Arthur Kellermann að því að þegar skotvopn var til staðar á heimili jók það hættuna á morði eða dauðsfalli á heimilinu. Rannsókn þessi, og fleiri í sama dúr, vöktu nokkra athygli og fengu talsverða umfjöllun í fjölmiðlum þarlendis.⁵⁶

Í kjölfarið af þessu fóru NRA samtökin að saka CDC um það að vera einfaldlega á mótí skotvopnum. NRA fóru að berjast fyrir því að CDC mætti ekki nota neinn hluta af fjármagni sínu í það að berjast gegn skotvopnaeign Bandaríkjamanna. Ætlunarverk NRA tókst með hjálp stuðningsmanna þeirra á þinginu og árið 1996 var hinu svokallaða Dickey-ákvæði bætt inn í

⁵⁴ Lyle Denniston, „More Second Amendment Cases,” SCOTUSblog, June 28, 2008, <https://www.scotusblog.com/2008/06/more-second-amendment-cases/>

⁵⁵ Allen Rostron, „The Dickey Amendment on Federal Funding for Research on Gun Violence: A Legal Dissection,” *American Journal of Public Health* 108, nr. 7 (2018): pp. 865-867, <https://doi.org/10.2105/ajph.2018.304450>

⁵⁶ Arthur L. Kellermann et al., „Gun Ownership as a Risk Factor for Homicide in the Home,” *New England Journal of Medicine* 329, nr. 15 (July 1993): pp. 1084-1091, <https://doi.org/10.1056/nejm199310073291506>

lög, sem þýddi að CDC mætti ekki nota fjármagn sitt á neinn hátt til þess að berjast fyrir hertri skotvopnalöggjöf.⁵⁷

“None of the funds made available in this title may be used, in whole or in part, to advocate or promote gun control.”⁵⁸

Þetta ákvæði gerði það að verkum að seinustu 20 ár hefur ekki verið hægt að nota neitt af opinberum fjármunum til þess að tala um eða berjast fyrir hertri skotvopnalögum. Gagnrýni á Dickey-ákvæðið hefur verið nokkur í gegnum tíðina. Eftir Sandy Hook árásina árið 2012 þá hvatti Barack Obama, þáverandi forseti Bandaríkjanna CDC að horfa ekki á Dickey-ákvæðið sem algjört bann gegn því að þeir rannsaki ofbeldi tengt skotvopnum. En allt kom fyrir ekki og CDC hélt samt sem áður að sér höndum þegar kom að rannsóknum á skotvopnaofbeldi. Obama hvatti einnig þingið til þess að eyrnamerkja fjármagn til CDC til að reyna að koma í veg fyrir ofbeldi tengt skotvopnum, en þingið neitaði þeirri tillögu.⁵⁹

Á seinustu árum hafa aukist kröfur um að draga Dickey-ákvæðið til baka. Eftir tveggja áratuga þögn hafa nú mörg af helstu lýðheilsusamtökum, læknastofnunum og rannsóknaháskólum talað fyrir því að afnema eigi bannið á notkun almannafés til rannsókna á skotvopnaofbeldi. Hver fjöldaskotárás sem framin er í Bandaríkjunum ýtir undir þessa skautun sem komin er í umræðuna og eykur spennu á milli þeirra sem aðhyllast hertari skotvopnalöggjöf og þeirra sem telja að nokkurn vegin ótakmörkuð skotvopnaeign vera rétt hvers Bandaríkjamanns. Stuðningsmenn Dickey-ákvæðisins halda því fram að bannið gegn notkun á almannafé til rannsókna á ofbeldi tengdu skotvopnum og hertari skotvopnalöggjöf, sé nauðsynlegt vegna þess að almannaheilsugeirinn sé hlutdrægur og aðhyllist að of miklu leyti hertari skotvopnalöggjöf til þess að vera sanngjarn í rannsóknum sínum. Á hinum pól umræðunnar er vandamálið að Dickey-ákvæðið hefur gert það að verkum að rannsakendur, sem horfa mest til þess að koma í veg fyrir skotvopnaofbeldi, þurfa aftur og aftur að sanna staðhæfingar sem öllum eru í raun ljósar. Til dæmis er flestum ljóst að á þeim svæðum þar sem eru fleiri skotvopn séu fleiri dauðsföll og meiðsli í tengslum við þau. Staðhæfingar líkt og þessar þurfa rannsakendur trekk

⁵⁷ Allen Rostron, “The Dickey Amendment on Federal Funding for Research on Gun Violence: A Legal Dissection,” *American Journal of Public Health* 108, nr. 7 (2018): pp. 865-867, <https://doi.org/10.2105/ajph.2018.304450>

⁵⁸ Omnibus Consolidated Appropriations Act, Pub. L. Nr. 104-208 (1996)

⁵⁹ Allen Rostron, “The Dickey Amendment on Federal Funding for Research on Gun Violence: A Legal Dissection,” *American Journal of Public Health* 108, nr. 7 (2018): pp. 865-867, <https://doi.org/10.2105/ajph.2018.304450>

í trekk að sanna og verja gegn orðræðu og árásum fjársterkra hagsmunahópa, eins og til dæmis NRA.⁶⁰

Í þessum kafla hef ég sýnt fram á það hvernig Dickey-ákvæðið er nokkurs konar holdgerving áhrifa NRA samtakanna í Bandaríkjunum. Ákvæðið er augljóst dæmi um vel heppnaðar aðgerðir samtakanna gegn hertari skotvopnalöggjöf í gegnum tíðina.

⁶⁰ Jonathan M. Metzl, „Repeal the Dickey Amendment to Address Polarization Surrounding Firearms in the United States,” *American Journal of Public Health* 108, nr. 7 (2018): pp. 864-865, <https://doi.org/10.2105/ajph.2018.304461>

4 Umræður

Hægt er að sjá mikil ummerki íhaldsstefnu í öllum málflutningi og aðgerðum NRA samtakanna. Samtökin hafa lagt áherslu á þann þátt íhaldsstefnu sem horfir til trúar og siðferðis samfélagsins sem mikilvægs hluta þess. NRA samtökin þróuðust í það pólitíska afl sem þau eru í dag samhliða samtökum líkt og New Christian Right á áttunda og níunda áratug seinustu aldar. Samtökin endurspegluðu bæði grundvallaratriði íhaldsstefnu og einnig hins Nýja hægri, sem hafði þróast á áratugunum áður á þann veg að vandamál samfélags þeirra tíma væru skortur á trú og siðferði bæði almennings og stjórnvalda. Aukið frjálsslyndi stjórnvalda í Bandaríkjunum á sjöunda áratug liðinnar aldar hafði orðið fyrir ákveðnu bakslagi og nýttu bæði NRA og New Christian Right sér það.⁶¹

Rannsóknir hafa þó síðan sýnt fram á að trú hafi áhrif á skotvopnaeign og tengsl þeirra við sjálfsmynd einstaklinga. Ég einbeitti mér að evangelískum mótmælendum sem er sá trúarhópur sem er líklegastur til þess að eiga og bera skotvopn. Þeir eru einnig líklegir til þess að tengja sjálfsmynd sína við skotvopnaeign. Evangelískir mótmælendur halda því fram að trúarleg og jafnvel guðdómleg áhrif hafi leikið stórt hlutverk í stofnun Bandaríkjanna og setningu stjórnarskrárinnar. Samkvæmt rannsókn Stroope og Tom heldur trúarhópurinn því fram að stjórnarskráin sé skjal sent frá guði og þar með komi rétturinn til þess að eiga og bera skotvopn frá guði.⁶² Í orðræðu NRA er hægt að finna nokkra hliðstæðu við þessar skoðanir. Samtökin hafa, líkt og evangelískir mótmælendur, haldið því fram að stjórnarskráin sé frá guði sjálfum komin og þess vegna sé annað ákvæði hennar guðsgefinn réttur almennings í Bandaríkjunum og að öll takmörkun á því ákvæði stórslys fyrir þjóðina. Til að sýna enn fremur sérstöðu evangelískra mótmælenda þegar kemur að skoðunum þeirra á skotvopnum bar ég þá saman við þá sem aðhyllast kaþólska trú. Ef horft er á annars vegar kaþólikka og hins vegar evangelíska mótmælendur sem aðhyllast svokalla *pro-life* stefnu, þ.e. eru á móti þungunarrofi í öllu formi, þá eru kaþólikkarnir mun líklegri til þess að vera einnig fylgjandi hertari skotvopnalöggjöf. Það sama getur ekki verið sagt um evangelíska mótmælendur, sem þrátt fyrir skoðun sína að allt líf sé heilagt þegar kemur að þungunarrofi, halda samt í þá skoðun að skotvopnaeign sé þeim réttur sendur frá guði. Þannig komst ég að þeirri niðurstöðu að mögulega sé ekki hægt að tengja trú eina og sér það mikið við skotvopnaeign, heldur séu það aðallega þeir sem aðhyllast evangelíska

⁶¹ Jessica Dawson, „Shall Not Be Infringed: How the NRA Used Religious Language to Transform the Meaning of the Second Amendment,” *Palgrave Communications* 5, nr. 1 (February 2019), <https://doi.org/10.1057/s41599-019-0276-z>

⁶² Samuel Stroope og Joshua C. Tom, “In-Home Firearm Access among US Adolescents and the Role of Religious Subculture: Results from a Nationally Representative Study,” July 2017, <https://doi.org/10.31235/osf.io/kns57>

mótmælendatrú sem skeri sig úr þegar kemur að skotvopnaeign og skoðunum á skotvopnum og löggjöfum tengdum þeim.

Hægt er að sjá hvernig NRA samtökin hafa í auknu mæli reynt að höfða til trúar almennings í Bandaríkjunum með því að skoða orðræðu í tímariti samtakanna *American Rifleman*. Ég komst að því að notkun á orðalagi tengdu guði í tímaritinu hefur aukist talsvert á seinustu 40 árum. Með þessu er hægt að færa rök fyrir því að NRA sé sérstaklega að reyna að höfða til t.d. þeirra sem aðhyllast evangelíska mótmælendatrú, vegna þeirrar staðreyndar að trúarhópurinn tengir skotvopnaeign nokkuð sterkt við sjálfsmynd sína.

Ég skoðaði síðan hvernig ákveðinn hópur Bandaríkjamanna tengir sjálfsmynd sína við skotvopnaeign og hvernig NRA samtökin hafa nýtt sér þetta. Líkt og hefur komið fram hér að framan þá segir kenningin um sjálfsmyndarstjórnsmál að sjálfsmynd einstaklinga innan hópa geti haft mikil áhrif á pólitískar skoðanir bæði einstaklingsins og hópsins. Félagsleg sjálfsmynd getur haft áhrif á ótal marga hluti, meðal annars hvernig það fólk kýs og afstöðu til kynþátta og stjórnsmálaflokka. Kenningin segir einnig frá því hvernig einstaklingar leitast við að hafa jákvæða sjálfsmynd af sjálfum sér og einblína þess vegna á jákvæða eiginleika þess hóps sem þeir tilheyra. Þessum jákvæðu eiginleikum er síðan oft stillt upp á móti neikvæðum eiginleikum annars hóps.

NRA samtökin hafa síðan einbeitt sér að því að búa til ákveðna sjálfsmynd skotvopnaeigandans og sýna hana í jákvæðu ljósi. Samtökin eru til dæmis dugleg að minnast á hina 70 milljón *löghlýðnu* skotvopnaeigendur Bandaríkjanna. Á seinustu áratugum hafa samtökin meðal annars einnig verið dugleg að halda námskeið sem eiga að ganga út á að bæta skotfimi þátttakenda og öryggi í kringum skotvopn. Á námskeiðunum er hins vegar einnig lögð mikil áhersla á að búa til ákveðna sjálfsmynd tengda skotvopnum hjá þátttakendum. Á þessum námskeiðum samtakanna hafa skotvopn verið sýnd í jákvæðu ljósi. Skotvopnin hafa verið tengd við föðurlandsást, ríkisborgararétt, hugrekki og ábyrgð. Samtökin hafa einnig haldið námskeið fyrir börn og ungt fólk undir því yfirskini að námskeiðin gæði unga fólkið jákvæðum eiginleikum. Námskeiðin sem samtökin halda í dag kenna síðan hvernig á að bera vopn innan klæða (e. *concealed carry*). En líkt og fyrri daginn þá gera þessi námskeið meira en það. Jennifer Carlson, sem sat nokkur af námskeiðum samtakanna, komst að því að námskeiðin leggja einnig mikla áherslu á að kenna skotvopnaeigendum sem sækja námskeiðin að þeir séu viss tegund af manneskjum, þ.e. löghlýðin manneskja sem sé samt sem áður tilbúin að beita banvænu afli til

þess að verja saklaust líf.⁶³ Þarna er vel hægt að sjá hvernig samtökin hafa nýtt sér sjálfsmyndarstjórnsmál og búið til þessa jákvæðu ímynd af skotvopnaeigandanum í gegnum námskeið sín. Samtökin hafa nýtt sér afgerandi stöðu sína þegar kemur til dæmis að því að halda námskeið tengd skotvopnum og í gegnum þessi námskeið mótað sjálfsmynd þátttakenda og tengt skotvopnaeign þeirra við hana.

Hvað sem manni finnst persónulega um markmið NRA samtakanna þá er í raun ekki annað hægt en að dást að því hversu vel heppnaðar aðgerðir þeirra seinustu áratugi hafa verið. Samtökin virðast hafa átt stóran þátt í því að tengja bæði trú og sjálfsmynd fjölda Bandaríkjamanna við þá staðreynd að þeir eigi skotvopn. Árangur samtakanna hefur meðal annars sést í því hversu auðvelt þau eiga með að virkja meðlimi sína, mögulega vegna þess að samtökin hafa náð svo vel að tengja sjálfsmynd þeirra við skotvopnaeignina. Í hvert sinn sem NRA samtökin hafa sent frá sér tilkynningar til meðlima sinna, þar sem þeir eru hvattir til þess að láta í sér heyra um einhver málefni tengd skotvopnum, hafa viðbrögðin ekki staðið á sér. Bréfasendingar til stjórnsmálamanna, hliðhollar málstað NRA hafa alltaf aukist gríðarlega þegar samtökin hafa virkjað meðlimi sína.⁶⁴

Ég ákvað síðan að skoða áhrif NRA og aðgerða þeirra á annað ákvæði stjórnarskrár Bandaríkjanna. NRA hefur náð góðum árangri í því að sannfæra almenning, og í einhverjum tilfellum stjórnvöld, að einstaklingstúlkun ákvæðisins sé sú eina rétta. Túlkun samtakanna á ákvæðinu vann stóran sigur þegar Hæstiréttur Bandaríkjanna staðfesti einstaklingsréttinn í málinu *District of Columbia vs Heller*. Málið snerist um bann gegn skammbyssum í Washington D.C og hvort bannið bryti gegn öðru ákvæði stjórnarskrárinnar. Samtökin settu sig reyndar aðeins upp á móti því í fyrstu að málið færi fyrir Hæstarétt því þau voru hrædd um að málið myndi tapast. En í kjölfar staðfestingar dómsins, þá lögðu NRA samtökin af stað í ákveðna herferða gegn svipuðum bönnum í nokkrum borgum Bandaríkjanna og bar sú herferð nokkurn árangur, meðal annars í Chicago í Illinois.⁶⁵ Í þessum tilfellum er hægt að sjá áþreifanleg áhrif NRA á skotvopnalöggjöf landsins. Annað gott dæmi um árangur NRA er hið svokallað Dickey ákvæði. NRA barðist mikið fyrir ákvæðinu á sínum tíma, sem gerir það að

⁶³ Matthew J. Lacombe, „The Political Weaponization of Gun Owners: The National Rifle Association’s Cultivation, Dissemination, and Use of a Group Social Identity,” *The Journal of Politics* 81, nr. 4 (2019): pp. 1342-1356, <https://doi.org/10.1086/704329>

⁶⁴ Matthew J. Lacombe, „The Political Weaponization of Gun Owners: The National Rifle Association’s Cultivation, Dissemination, and Use of a Group Social Identity,” *The Journal of Politics* 81, nr. 4 (2019): pp. 1342-1356, <https://doi.org/10.1086/704329>

⁶⁵ Lyle Denniston, „More Second Amendment Cases,” *SCOTUSblog*, June 28, 2008, <https://www.scotusblog.com/2008/06/more-second-amendment-cases/>

verkum að Heilbrigðisstofnun Bandaríkjanna er óheimilt að nota nokkuð af fjármagni sínu til þess að rannsaka ofbeldi tengt skotvopnum. NRA hélt því fram í málflutningi sínum ákvæðinu til stuðnings að Heilbrigðisstofnunin væri einfaldlega á móti skotvopnum og því óhæf til að rannsaka nokkuð sem tengdist þeim. Vegna þessa ákvæðis hefur reynst mjög erfitt að fá jafnvel augljósustu staðreyndir í sambandi við skotvopn og ofbeldi staðfestar. Þetta hefur gert það að verkum að samtök eins og NRA geta í raun sagt nokkurn vegin það sem þau vilja í sambandi við skotvopnaofbeldi, vegna þess að hið opinbera hefur ekkert undir höndum sem staðfestir hið sanna.⁶⁶

Dæmin í þessum umræðukafla hér að framan staðfesta að mínu mati þau miklu áhrif sem NRA samtökin hafa haft á skotvopnalöggjöf í landinu. Samtökin hafa náð miklum árangri í því að tengja skotvopnaeign við bæði sjálfsmynd og trú Bandaríkjamanna og í gegnum þær aðgerðir náð miklum árangri í baráttu sinni gegn hertari skotvopnalöggjöf. Það er svo hægt að sjá, með kenningar um íhaldssemi til hliðsjónar, og þá sérstaklega hversu mikið íhaldssemin heldur í guðstrúna, hvernig NRA samtökin hafa nýtt sér trú ákveðinna hópa eins og til dæmis evangelískra mótmælenda og höfðað sérstaklega til þeirra í orðræðu sinni. Þetta má meðal annars sjá í tímariti samtakanna *American Rifleman*, þar sem orðræða tengd trú hefur aukist talsvert á seinustu 40 árum. Síðan notaði ég kenningar um sjálfsmyndarstjórnsmál sem fjalla meðal annars um það hvernig hagsmunahópar nýta sér ákveðnar sjálfsmyndir einstaklinga og hópa til þess að koma sínum málefnum á framfæri, til þess að útskýra hvernig NRA samtökin hafa notfært sér sterk tengsl sjálfsmyndar ákveðins hóps Bandaríkjamanna við skotvopnaeign. Með þessu hafa samtökin safnað saman geysilegum fjölda fólks sem er tilbúið að berjast fyrir sama málstað og samtökin, auknum rétti til þess að eiga og bera skotvopn og þá slaka á skotvopnalöggjöfinni í landinu.

⁶⁶ Allen Rostron, „The Dickey Amendment on Federal Funding for Research on Gun Violence: A Legal Dissection,” *American Journal of Public Health* 108, nr. 7 (2018): pp. 865-867, <https://doi.org/10.2105/ajph.2018.304450>

5 Lokaorð

Eins og kom fram í inngangi þá er markmið þessarar ritgerðar að varpa ljósi á áhrif NRA samtakanna á skotvopnalöggjöf í Bandaríkjunum og skoða aðferðir þeirra í baráttu sinni með trú og sjálfsmynd Bandaríkjamanna til hliðsjónar.

Svarið við þessu er mér orðið nokkuð ljóst, NRA samtökin hafa haft gríðarleg áhrif á skotvopnalöggjöf í bandarísku samfélagi. Það mætti einnig segja að samtökin hafi haft áhrif á meira en bara löggjöfina heldur einnig sjálfsmynd skotvopnaeigenda í heild sinni í landinu. Árangur samtakanna sést meðal annars í staðfestingu Hæstaréttar á einstaklingstúlkuninni á öðru ákvæði stjórnarskrár Bandaríkjanna og einnig í Dickey ákvæðinu sem hefur gert þeim sem aðhyllast hertari skotvopnalöggjöf mjög erfitt fyrir að sanna mál sitt vegna banns við notkun á opinberu fé við rannsóknir á ofbeldi tengdu skotvopnum. Samtökin hafa með klókindum sínum náð að tengja bæði trú og sjálfsmynd mikils hluta Bandaríkjamanna við skotvopnaeign þeirra og með því búið til stóran hóp einstaklinga sem tilbúinn er að verja og berjast fyrir málstað samtakanna.

Heimildaskrá

- Alstyne, William Van. „The Second Amendment and the Personal Right to Arms.” *Duke Law Journal* 43, nr. 6 (1994): 1236. <https://doi.org/10.2307/1372856>.
- Carter, Harlan. „What Is the NRA.” *American Rifleman*, 1979.
- Charles, Patrick J. *ARMED IN AMERICA: a History of Gun Rights from Colonial Militias to Concealed Carry*. S.I.: Prometheus, 2019.
- Cna. „Shootings Demonstrate Need for Gun Control, USCCB Says.” Catholic News Agency. Catholic News Agency, November 7, 2017. <https://www.catholicnewsagency.com/news/shootings-demonstrate-need-for-gun-control-usccb-says-56057>.
- Cox, Daniel, Juhem Navarro-Rivera og Robert P. Jones. „Americans Say Better Mental Health Screenings Best Way to Prevent Future Mass Shootings.” PRRI. Accessed January 2, 2020. <https://www.ppri.org/research/january-2013-tracking-poll/>.
- Dawson, Jessica. „Shall Not Be Infringed: How the NRA Used Religious Language to Transform the Meaning of the Second Amendment.” *Palgrave Communications* 5, nr. 1 (February 2019). <https://doi.org/10.1057/s41599-019-0276-z>.
- Denniston, Lyle. „More Second Amendment Cases.” SCOTUSblog, June 28, 2008. <https://www.scotusblog.com/2008/06/more-second-amendment-cases/>.
- Heywood, Andrew. *Political Ideologies: an Introduction*. London: Palgrave, 2017.
- Hodges, Adam. „The Paranoid Style in Politics.” *Contemporary Discourses of Hate and Radicalism across Space and Genres Journal of Language Aggression and Conflict* 3, nr. 1 (February 2015): 87–106. <https://doi.org/10.1075/jlac.3.1.04hod>.
- Kellermann, Arthur L., Frederick P. Rivara, Norman B. Rushforth, Joyce G. Banton, Donald T. Reay, Jerry T. Francisco, Ana B. Locci, Janice Prodzinski, Bela B. Hackman, and Grant Somes. „Gun Ownership as a Risk Factor for Homicide in the Home.” *New England Journal of Medicine* 329, nr. 15 (July 1993): 1084–91. <https://doi.org/10.1056/nejm199310073291506>.
- Lacombe, Matthew J. „The Political Weaponization of Gun Owners: The National Rifle Association’s Cultivation, Dissemination, and Use of a Group Social Identity.” *The Journal of Politics* 81, nr. 4 (2019): 1342–56. <https://doi.org/10.1086/704329>.
- Lacombe, Matthew J., Adam J. Howat og Jacob E. Rothschild. “Gun Ownership as a Social Identity: Estimating Behavioral and Attitudinal Relationships.” *Social Science Quarterly* 100, nr. 6 (December 2019): 2408–24. <https://doi.org/10.1111/ssqu.12710>.
- Legal Information Institute. „Second Amendment.” Legal Information Institute. Accessed January 2, 2020. https://www.law.cornell.edu/wex/second_amendment.

- Mencken, F Carson og Paul Froese. „Gun Culture in Action.” *Social Problems* 66, nr. 1 (2017): 3–27. <https://doi.org/10.1093/socpro/spx040>.
- Merica, Dan. „Huckabee: Lack of Religion in Classroom Leads to Violence in Schools.” CNN. Cable News Network, December 16, 2012. <http://religion.blogs.cnn.com/2012/12/16/huckabee-lack-of-religion-in-classroom-leads-to-violence-in-schools/>.
- Merino, Stephen. „God and Guns: Examining Religious Influences on Gun Control Attitudes in the United States.” *Religions* 9, nr. 6 (2018): 189. <https://doi.org/10.3390/rel9060189>.
- Metzl, Jonathan M. „Repeal the Dickey Amendment to Address Polarization Surrounding Firearms in the United States.” *American Journal of Public Health* 108, nr. 7 (2018): 864–65. <https://doi.org/10.2105/ajph.2018.304461>.
- Morone, James A. og Rogan Kersh. *By the People: Debating American Government*. New York, NY: Oxford University Press, 2018.
- NRA Staff. *American Rifleman*, 1994.
- Omnibus Consolidated Appropriations Act, Pub. L. Nr. 104-208 (1996)
- Parker, Kim, Juliana Menasce Horowitz, Ruth Igielnik, J. Baxter Oliphant og Anna Brown. „Guns in America: Attitudes and Experiences of Americans.” Pew Research Center's Social & Demographic Trends Project, June 22, 2017. <https://www.pewsocialtrends.org/2017/06/22/americas-complex-relationship-with-guns/>.
- Rostron, Allen. „The Dickey Amendment on Federal Funding for Research on Gun Violence: A Legal Dissection.” *American Journal of Public Health* 108, nr. 7 (2018): 865–67. <https://doi.org/10.2105/ajph.2018.304450>.
- Shultz, James M, Glenn W Muschert, Alison Dingwall og Alyssa M Cohen. „The Sandy Hook Elementary School Shooting as Tipping Point.” *Disaster Health* 1, nr. 2 (2013): 65–73. <https://doi.org/10.4161/dish.27113>.
- Smith, Christian Stephen. og Michael Emerson. *American Evangelicalism: Embattled and Thriving*. Chicago: The University of Chicago Press, 1998.
- Southern Poverty Law Center. „American Family Association.” Accessed January 2, 2020. <https://www.splcenter.org/fighting-hate/extremist-files/group/american-family-association>.
- Steidley, Trent og Cynthia G. Colen. „Framing the Gun Control Debate: Press Releases and Framing Strategies of the National Rifle Association and the Brady Campaign*.” *Social Science Quarterly* 98, nr. 2 (2016): 608–27. <https://doi.org/10.1111/ssqu.12323>.
- Stjórnlagaráð 2011 – Gagnasafn. „Stjórnarskrá Bandaríkjanna.” Accessed January 2, 2020. <http://www.stjornlagarad.is/gagnasafn/>.
- Stroope, Samuel og Joshua C. Tom. „In-Home Firearm Access among US Adolescents and the Role of Religious Subculture: Results from a Nationally Representative Study,” July 2017. <https://doi.org/10.31235/osf.io/kns57>.

Yamane, David. „Awash in a Sea of Faith and Firearms: Rediscovering the Connection Between Religion and Gun Ownership in America.” *Journal for the Scientific Study of Religion* 55, nr. 3 (2016): 622–36. <https://doi.org/10.1111/jssr.12282>.

Wald, Kenneth D. og Allison Calhoun-Brown. *Religion and Politics in the United States*. Lanham: Rowman & Littlefield, 2014.

Waldman, Michael. *The Second Amendment: a Biography*. New York: Simon & Schuster Paperbacks, 2015.

Weiss, Brennan og Skye Gould. „These Are the Members of Congress with the Most NRA Donations.” *Business Insider*. *Business Insider*, February 28, 2018. <https://www.businessinsider.com/nra-political-contributions-congressional-candidates-house-senate-2018-2?r=US&IR=T>.

Weiss, Debra Cassens. „Latest News.” *Latest News - ABA Journal*, July 30, 2007. http://www.abajournal.com/news/nra_had_high_court_misgivings/.